



BÓNDAVARÐAN

28. NÓVEMBER 2019. 18. ÁRGANGUR

DJÚPAVOGSHREPPUR



KÆRU DJÚPAVOGSBÚAR & NÆRSVEITUNGAR

LAUGARDAGINN 1. FEBRÚAR 2020 VERÐUR
ÞORRABLÓT DJÚPAVOGSHREPPS HALDIÐ Á HÓTEL FRAMTÍÐ.

TAKIÐ DAGINN FRÁ !
KVEDJA
NEFNDIN

MÍÐAVERÐ:
FORSALA 8500 KR.
ELÐRI ÞORCARAR 7000 KR.
EFTIR FÖRSÖLU 9500 KR.



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Niðurstöður í kosningu um sameiningu Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 26. október var afgerandi. Mikill meirihluti þeirra sem kaus í hverju sveitarfélagi fyrir sig var fylgjandi sameiningu. Undirbúningsstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun hins nýja sveitarfélags hefur tekið til starfa. Í henni sitja þrír fulltrúar úr hverju sveitarfélagi. Helstu verkefni sem bíða undirbúningsstjórnarinnar eru ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags, ný samþykkt um stjórn og fundarsköp og samantekt á reglugerðum og samþykktum sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og samræming þeirra. Stjórnin mun einnig setja af stað vinnu við samræmingu bókhalds- og fjárhagskerfa, málaskrár- og upplýsingakerfa og ótalmargt fleira.

Af upptalningunni hér að framan má sjá að mikið verk er framundan og öllum er ljóst að það verður ekki unnið nema í góðu samráði við starfsfólk sveitarfélaganna. Undirbúningsstjórninni er líka ljóst mikilvægi þess, líkt og í aðdraganda kosninganna,

að íbúar séu upplýstir um gang mála. Af þeim sökum verður í þeirri vinnu sem framundan er lögð sérstök áhersla á að starfsfólk verði virkir þátttakendur í breytingaferlinu og að íbúum verði reglulega gerð grein fyrir framvindunni allt þar til kosin verður ný sveitarstjórn í apríl á næsta ári.

Tæplega 80% íbúa á kjörskrá í Djúpavogshreppi tóku þátt 26. október síðastliðinn. Það er ekki sjálfgefið nú á tímum að svo margir nýti kosningarétt sinn og fyrir það ber að þakka. Þessi mikla kosningaþátttaka ber merki þess samfélags sem hér býr og kom þeim sem til þekkja ekki á óvart. Íbúar hafa áður sýnt að þeir láta sig samfélagsmál og nærumhverfi varða og eru tilbúnir að taka virkan þátt í samfélaginu. Það er afar mikilvægt að við höldum áfram á þeirri braut í nýju sameinuðu sveitarfélagi. Með því að leggja rækt við þetta viðhorf, sérstöðu okkar og því að vera opin fyrir nýjungum leggjum við okkar af mörkum til að nýtt sameinað sveitarfélag standi undir þeim væntingum sem til þess verða gerðar.

Gerum okkar besta!

Sveitarstjóri

PS. Gleðileg jól !



Samninganefndin: Jón Þórðarson - Borgarfjarðarhreppi - Stefán Bogi Sveinsson - Fljótsdalshéraði, Björg Björnsdóttir - Fljótsdalshéraði, Aðalheiður Borgþórsdóttir - Seyðisfirði, Anna Alexandersdóttir - Fljótsdalshéraði, Jakob Sigurðsson - Borgarfjarðarhreppi, Þorbjörg Sandholt - Djúpavogshreppi, Helgi Hlynur Ásgrímsson - Borgarfjarðarhreppi, Páll Björgvin Guðmundsson - RR ráðgjöf, Gauti Jóhannesson - Djúpavogshreppi, Róbert Ragnarsson - RR ráðgjöf, Björn Ingimarsson - Fljótsdalshéraði, Hildur Þórisdóttir - Seyðisfirði, Bergþóra Birgisdóttir - Djúpavogshreppi, Vilhjálmur Jónsson - Seyðisfirði, og liggjandi fyrir miðju: Elvar Snær Kristjánsson - Seyðisfirði

FRÁ BJÖRGUNARSVEITINNI BÁRU

Við í Björgunarsveitinni Báru á Djúpavogi höfum alla tíð fengið góðan stuðning frá samfélaginu og fundið velild í okkar garð frá stofnun sveitarinnar árið 1940. Fjölmargir hafa tekið þátt í starfsemi sveitarinnar á einn eða annan hátt í gegnum árin og erum við þakklát öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn til að styrkja starfið og efla það. Sérstaklega erum við þakklát þeim bræðrum Garðari og Gunnlaugi Reimarssonum en þeir ánöfnuðu báðir sveitinni, ýmist allar eða hluta af eigum sínum að sér látnum. Garðar lést árið 2015 og með hans tilstuðlan gátum við endurnýjað jeppakost sveitarinnar og fjárfestum í Toyota Hilux sem reynst hefur sveitinni vel. Árið 2018 féll Gunnlaugur frá og höfum við notað arfinn m.a. til að bæta tækjakost sveitarinnar, til dæmis með kaupum á Mercedes Vito bifreið.

Við minnumst Garðars og Gunnlaugs með hlýhug fyrir þeirra framlag til sveitarinnar og þar með til samfélagsins alls.

Fyrir hönd Bjsv. Báru
Ingi Ragnarsson
Formaður



Jólabasar
Kvenfélagsins Vöku
Fimmtudaginn 5. desember
í Löngubúð frá kl. 18-20

Kvenfélagskonur óska Djúpavogsbúum öllum gleðilegra jóla & farsældar á nýju ári

DAGAR MYRKURS Á DJÚPAVOGI

Dagar myrkurs voru haldnir hátíðlegir á Djúpavogi dagana 29. október – 3. nóvember. Löng hefð er fyrir því að íbúar geri sér dagamun og var engin breyting þar á þetta haustið. Upphitun fór fram á bókasafninu á þriðjudaginn og var þar í boði drungalegur upplestur. Formleg dagskrá hófst á miðvikudeginum þar sem Magga bauð uppá draugavöflukaffi í Tryggvabúð og var þar fullt út úr dyrum. Seinnipartinn þann dag stóð Neisti fyrir ljósastuði og ljósasundi fyrir unga fólkið en dagurinn endaði í hrollvekjubíói á Teigarhorni þar sem staðarhaldari stóð vaktina og sveitarstjórinn poppaði ofan í bíógesti.



Mynd: Hugrún Jónsdóttir



Mynd: Guðný Lára Guðrúnardóttir. Verðlaunamyndin í ár

Á fimmtudeginum var búningadagur bæjarins og tóku margir þátt. Haldið var hrekkjavökuball í grunnskólanum fyrir 1.- 4. bekk, á vegum foreldrafélags grunnskólans og í beinu framhaldi af því var farið í „Grikk eða gott“ göngu um þorpið. Er þetta í annað sinn sem þetta er gert og þykir börnunum þetta einstaklega skemmtilegt. Þessi viðburður gæti þó ekki farið fram án þátttöku íbúa sem „merkja“ húsin sín með lifandi ljósi þannig að börnin vita hvar nammið er að finna. Smá „tvist“ kom í þennan viðburð þar sem fréttamenn frá Stöð 2 voru á svæðinu og var sýnt beint frá Djúpavogi þegar gangan var að hefjast. Mikla gleði og eftirvæntingu mátti lesa úr andlitum barnanna og þótti þeim greinilega spennandi að fá að sýna landsmönnum öllum hvað Dagar myrkurs væru skemmtilegir á Djúpavogi. Þess skal getið að það var foreldrafélag leikskólans sem stóð fyrir þessum viðburði. Á meðan börnin voru að sníkja nammi slakaði fullorðna fólkið á í sundlauginni þar sem boðið var uppá kósístund við kertaljós auk þess sem Gréta bauð uppá notalega hugleiðslustund. Unglingarnir í félagsmiðstöðinni, voru hins vegar í Hálsaskógi í draugaleik.

Á föstudeginum mætti hraustasta fólkið í draugaprek í íþróttahúsið eldsnemma um morguninn og áfram hélt hreyfingin því seinnipartinn fór Faðirvorahlaupið fram. Hlaupið var frá Teigarhorni að Rjóðri og var þátttaka góð. Síðan tók menningin við þar sem Berglind Einarisdóttir söng þjóðlög í Tankinum og var frábær mæting þar. Um kvöldin var tvennt í boði, notaleg spilavist í Löngubúð og kvöldvaka fyrir unglingana í Helgafelli þar sem í boði var spurningakeppni, dans o.fl. á vegum foreldrafélags grunnskólans.

Bæjarbúar hófu laugardaginn á því að fara í „Hrekkjavökubrunn“ í Við Voginn þar sem borðin svignuðu undan kræsingum og seinnipartinn þann dag brunaði miðstig grunnskólans til Seyðisfjarðar, en þangað hafði þeim verið boðið á Myrkraball. Foreldrafélag grunnskólans sá um allan kostnað og skipulagningu í samstarfi við foreldra á Seyðisfirði. Tókst einstaklega vel til og er gaman að bregða undir sig betri fætinum og gleðjast með öðrum. Á laugardagskvöldinu héldu íbúar áfram að borða góðan mat, en haldin var sviðaveisla í Hlíðunni á Bragðavöllum. Þar var haldið í gamla góða siði með því að snæða svið, lappir og alls konar meðlæti auk þess sem skemmtiatriði voru á boðstólum. En dagurinn var ekki búinn því mestu stuðboltarnir enduðu laugardaginn á dúndrandi diskói í Við Voginn þar sem DJ Ragnar Láki þeytti skífum langt fram eftir nóttu.

Á sunnudeginum var komið að því að slaka á og róa sig eftir stífa dagskrá. María Viktoría bauð uppá yndislega hugleiðslu og kakóstund í Tryggvabúð og eldri borgarar enduðu dagskrána á sunnudagskvöldinu með því að lesa rökkursögur og bjóða uppá léttar veitingar.

Á Hótel Framtíð var hryllilega spennandi smáréttaseðill í boði alla dagana og hægt var að gæða sér á hrollvekjukökum á Við Voginn. Hvort tveggja kitlaði bragðlaukana og voru íbúar duglegir að nýta sér þessa tilbreytingu. Í anddyrinu á Hótel Framtíð fór fram leiksýning frá Hversdagsleikhúsinu og var hún sýnd allan sólarhringinn.

Börn og starfsfólk í Leikskólanum Bjarkatúni, létu sitt ekki eftir liggja á Dögum myrkurs. Á miðvikudeginum var tekið á móti börnum Kríudeildar úti og máttu þau koma með vasaljós með sér. Morgunmaturinn var síðan borðaður úti í myrkrinu. Á meðan voru yngri nemendur á Krummadeild í kósístund og var deildin lýst upp með lömpum. Í matinn var skuggakjöt með karrysósu.

Á fimmtudeginum var leikskólinn með í búningadeginum og haldið var hressandi búningaball í salnum. Hressingin var borðuð úti og fengu börnin heitt kakó og samloku. Í hádegismatinn var beinagrindafiskur frá Búlandstindi. Á föstudeginum fengu allir nemendur endurskinsmerki og á Kríudeild var farið í myrkrabingó. Í hádegismat var boðið uppá kjúklingakássu Hlunks tröllastráks. Dimmt var í leikskólanum og rafmagnið sparað. Glerkrukkur með kertum og lömpum lýstu upp umhverfið!

Á meðan dagar myrkurs stóðu yfir var fjölbreytt hópastarf í leikskólanum. Í Lubbastarfinu var unnið með tvær sögur eftir Brian Pilkington sem fjalla um tröll, í listakrók voru málaðar glerkrukkur sem lýstu síðan upp skammdegið, í hreyfingu voru Hrekkjavökuleikir og í „Numicon“ starfinu elduðu börnin á Kríudeild nornasúpu. Krakkarnir á Krummadeild gáfu litlu tröllo tölustafi að borða og í einingakubbum var gert draugahús. Leikskólinn var síðan „hryllilega“ skreyttur á Dögum myrkurs.

Í Djúpavogsskóla var einnig sitthvað skemmtilegt í gangi. Myrkraganga, myrkrasögustund, unnið var með tröll í Byrjendalæsi og ýmislegt fleira. Matseðillinn á Hótelinu í skólamötuneytinu var í anda Daga myrkurs. Boðið var uppá: Pokufisk, Skála-Brandskjötbollur, Vogamórafisk og Drakúlakjöt í þokusósu.

Atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps vill þakka öllum íbúum hjartanlega fyrir þeirra framlag í Dögum myrkurs. Það er mikilvægt fyrir okkur að gera okkur dagamun í svartasta skammdeginu, njóta samveru hvers annars og stytta biðina að hátíð ljóss og friðar. Hátíð sem þessi gæti þó ekki orðið að veruleika nema vegna þess að íbúar eru duglegir að bjóða uppá fjölbreytta, einfalda og skemmtilega viðburði auk þess sem þátttaka hins almenna íbúa er frábær og fyrir það bera að þakka. Við erum strax farin að hlakka til næsta árs.

Að lokum ber að geta þess að Dagar myrkurs voru haldnir um allt Austurland og var ánægjulegt að sjá hversu mikið viðburðum fylgjaði og þátttaka jókst frá síðasta ári. Austurbrú (sem heldur utan um verkefnið á Austurlandi) stóð fyrir ljósmyndasamkeppni og var þemað að þessu sinni „Manneskjan í myrkri.“ Það var Guðný Lára Guðrúnardóttir, frá Seyðisfirði sem sigraði í keppninni og hlaut hún í verðlaun 50.000.- Verðlaunamyndin fylgir með hér.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru

Björgunarsveitin Bára þakkar veittan stuðning á árinu og óskar íbúum Djúpavogshrepps, sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Opnunartímar eru sem hér segir:

29. desember kl: 13-22

30. desember kl: 13-22

31. desember kl. 10-14

Hægt er að skoða flugeldana á

www.flugeldar.is

Vöruúrvalið er gott og sérstaklega má minna á verkefnið

„Skjótum rótum“ sem er kjörið fyrir þá sem ekki kaupa

flugelda en vilja styðja við starf

björgunarsveita.



ÖRSÖGUR Á AÐVENTU

Örsaga er stuttur, knappur texti sem hverfist um einn atburð og fáar persónur. Í þeim er litið eitt augnablik eða leifturstund inn í líf fólks en þó reynt að fanga einhvern kjarna. Ýmsir nota orðið leiftursaga (e. flash-fiction), sem er þá skylt leifturlistinni (e. flash mob), um þetta listform.

Leiftursagan gerir heilmiklar kröfur til höfundarins, hann þarf að halda sig markvisst við fáar sögupersónur og afmarkað söguvið og atburð. Vel skrifaðar örsögur geta sagt af miklum örlögum í fáum orðum. Sennilega er sú frægasta þeirra, eftir Ernest Miller Hemingway, og er aðeins sex orð. Hún hljóðar svo á frummálinu. „For sale: baby shoes, never worn.“

Um árábil hafa nemendur í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands gefið út jólabók með örsögum. Þar eru einu reglurnar um viðfangsefnið er fyrirframgefinn orðafjöldi og eitt þema-orð til að vinna út frá. Í haust gripu svo nemendur í áttunda og níunda bekk Grunnskóla Djúpavogs örsöguboltann og afraksturinn má sjá á ýmsum stöðum í blaðinu.

Þeim var uppálagt að skrifa jólasögu í 150 til 200 orðum og öll áttu þau að reyna að koma sama orðinu fyrir í sögunum. Lesendur geta spreytt sig á að finna þetta einkennisorð sagnanna.

Þar sem örsögur og hækur, annað knappt og krefjandi listform, eru stórt þema í jólablaði Bóndavörðunnar fannst okkur ekki úr vegi að fá að birta líka eina jólalega, 97 orða, örsögu sem fengin var að láni úr Jólabók Blekfjelagsins 2015. Viðfangsefnið þar var gjöf.

Óðurinn til kúnna

Hún opnaði dyrnar og steig út á dyrahelluna. Á himninum kinkuðu stjörnurnar ákafar kolli og vaxandi tunglið vitnaði um batnandi tíð. Hún fetaði sig í átt að útihúsunum, þakklát tunglskininu sem lýsti upp harða fönnina. Það var spölur að lágreistu fjósinu. Ljóstýra var í gluggaboru, kúnum til hátíðabrigða. Ylurinn streymdi á móti henni þegar hún opnaði hurðina mjúklega til að trufla ekki værðina. Sótti ilmandi hey og kartöflumælki handa kúnum sem fylgdust grannt með henni sælar og voteygar. Hún strauk ættmóðurinni um huppin og brosti með sjálfri sér. Þetta var mesta tilhlökkunarefnið, kvöldgjöfin í fjósinu á aðfangadag.

Anna Björg Siggeirsdóttir

Jólasögur 9. og 10. bekkjar

Jólasaga skröggs

Það var einu sinni gamall skröggur, hann var ekki glaður með nágreinni sitt og þá allra síst á jölunum. Svo þegar jólin komu þá lokaði hann sig alltaf af því að hann var þunglyndur. Allir í bænum voru búnir að skreyta allt og gera flott en húsið hans var ekkert skreytt og dimmt. Það var kominn jóladagur og allir farnir niðri í bæ nema skröggurinn. Hann sat einn heima að horfa á fótbolta en svo fór hann að hugsa hvort hann ætti að fara út að hitta fólkið en hann hikaði alltaf þangað til að einhverjir úr þorpinu fóru og náðu í hann og allir fóru að dansa með gleði. Eftir það varð maðurinn alltaf mjög kátur og hress.

NN

Sporin í snjónum

Það var lítill drengur sem lék sér úti í snjónum í desember. Mamma hans var í baði og hélt að hann væri kominn inn því hún heyrði hurðina lokast. En drengurinn var enn þá úti að búa til snjókall. Allt í einu sá drengurinn stóran svartan skugga en skugginn var fljótur að hverfa. Drengurinn ákvað að elta sporin, hann sá að sporin fóru líka heim til vina hans og í öll önnur hús. Á meðan drengurinn var að elta sporin fylgdist skröggur með honum í glugganum. Drengurinn elti ennþá sporin og sá að stóri skugginn var að fara ofan í strompa hjá fólki og koma út um dyrnar hjá því. Drengurinn sá hreindýr sem voru að draga sleða. Drengurinn faldi sig og sá sleðann fara á loft.

Natalía Lind

Jólaballið

Fyrir langa löngu var maður að nafni Sævar, sem var mjög skröggur maður, hann átti að vera jólasveininn á jólaballi krakkanna í grunnskólanum, ásamt fleirum. Hann var beðinn um að koma með jólasveinaskegg, jólasveinahúfu, svört stígvel og jólasveinabúning. Sævar býr með konu sinni og tveimur dætrum, svo það ætti að vera auðvelt fyrir hann að finna búning hjá dætrunum tveimur. Hann vill ekki vera jólasveininn á þessu balli, því hann er gamall maður og honum finnst þetta svo leiðinlegt. Fólkið vill að hann taki þátt, en hann vill það ekki. Jólaballið hjá krökkunum er að byrja og það eru allir mættir. Allt fólkið er mætt og það er verið að dansa kringum jólatréið. Eftir fjórða lagið koma jólasveinarnir en Sævar kom ekki.

NN

Horfið til beggja hliða

Það var maður að labba úti á götu eftir að hafa gert jólainnkaupin í búðinni. Það snjóaði mikið og krakkar að renna sér í brekkunum úti um allt. Maðurinn var frekar mikill skröggur og það vissu bæjarbúarnir vel. Maðurinn var mjög einmanna því konan hans lést fyrir fimm árum. Krakkarnir í brekkunni voru allir svo hamingjusamir. Það hjálpaði ekki skapinu. Hann hafði aldrei verið hamingjusamur eftir konumissinn, en svo hitti hann konu í búðinni sem var á hans aldri sem var nýflutt. Þau spjölluðu mikið saman. Þegar hann var að fara yfir götuna kom bíll og keyrði yfir hann, hann lést samstundis.

Horfið til beggja hliða þegar að þið labbið yfir götuna.

NN

Jóladagur

Á jóladag vaknar Joe í helli og horfir upp. Þá sér hann 13 jólasveina starandi á hann. Honum bregður og spyr jólasveinana: „Hvar er ég?“

„Þú ert á Búlandstindi,“ segir Stúfur.

„Hvernig endaði ég hér?“ spyr Joe.

„Þú ert búinn að vera óþægur þess vegna ertu hér,“ sagði Grýla.

Það liðu nokkrir tímar en þá ákveður Joe að hann þurfi að sleppa. Joe nær að sleppa úr böndunum og kallar á Stúf og fær hann til að hjálpa sér að sleppa. Þeir hlaupa strax að hreindýrunum en þá kemur Grýla og Leppalúði og stoppa þá. Stúfur kallar á bræður sína og þeir halda Grýlu og Leppalúða. Þegar Joe er kominn heim þakkar hann Stúf og fer inn til foreldra sinna sem hafa verið mjög áhyggjufullir.

NN

The Woodcutter

On a white evening of December 1 was a woodcutter who lived in the valley forest inside the forest he's cutting and gathering firs & pine trees for him and his family to sell at the nearby village. His wife & two children are waiting for their father to come home and have supper, they all have to leave early so they can transport the trees and arrive early. The next morning on Dec 2 the woodcutter and his family left their house and drove off with a long trailer carrying twenty five firs & pines to the village, it was a quarter an hour drive to the village when the family arrived they started setting up the store at the town square to sell, after hours of selling trees until sundown the family became wealthy, they called it a day and packed down the store and ate at a nearby Christmas restaurant END.

Marcus Antonio.

Jólasaga

Það var einu sinni í desember að lítill drengur fór að heimsækja ömmu sína og afa. Þegar hann kom bauðst amma hans til að gera handa honum kakó. Á meðan hann beið settist hann í fangið á afa sínum og spurði: „Getur þú sagt mér aftur söguna af því þegar að þú og bræður þínir voru að gefa börnunum gjafir?“

Þá sagði afinn: „Ég er orðinn svo gamall og gleyminn skröggur, en já, ég skal reyna.“

„Þegar ég var ungur maður þá vorum við, ég og bræður mínir, í því að gefa börnunum fallegar gjafir, einfaldlega til þess að allir fengju eitthvað og til að gleðja börnin á jölunum. Við vorum allir eins klæddir og ferðumst um á nóttunni. Bara til þess að fólk myndi ekki sjá okkur og við myndum ekki lenda á spjalli við félagar okkar.“

Þá spurði drengurinn: „Hvað áttu aftur marga bræður afi?“

„Við erum 13 talsins.“ sagði afinn.

Hekla



VIÐTAL VIÐ SÉRA ALFREÐ ÖRN FINNSSON



Fjölskyldan í kirkjunni

Særa Alfred Örn Finnsson er nýráðinn prestur í Austfjarðarprestakalli með aðsetur á Djúpavogi. Í tilefni af þessum tímamótum leitaði Bóndavarðan til Alfreds Arnar og bað hann að segja örlítið frá högum sínum, fjölskyldunni, áhugamálum og kynnum af sveitarfélaginu. Að gömlum og góðum sið byrjum við á að spyrja hann hverra manna hann sé.

Ég er fæddur í Reykjavík, ólst upp í gamla Vesturbænum eða á Hávallagötu nálægt Landakotsspítala. Foreldrar mínir eru þau Anna Jóhanna Alfredsdóttir, sem vann lengst af hjá Icelandair og Finnur Björgvinsson arkitekt. Þau eru orðnir löglegir ellilífeyrisþegar og hafa því nægan tíma til að koma í heimsókn á Djúpavog. Ég á tvö systkini Björgvin og Vigdís, þau eru búsett með fjölskyldum sínum í Danmörku og reka þar fyrirtæki. Við systkinin ólumst upp í traustu umhverfi foreldra okkar og hlutum það sem kalla mætti hefðbundna barnatrú.

Ég fór snemma að stunda íþróttir og æfði fótbolta og körfu en aðallega handbolta með KR eins og lög gera ráð fyrir í Vesturbænum. Skólagangan var einnig hefðbundin á þessum slóðum, Melaskóli, Hagaskóli og Menntaskólinn í Reykjavík. Eftir tvö ár í MR flutti ég til Danmerkur, var í lýðháskóla með áherslu á þjálfun í handbolta ásamt því að spila með liði bæjarins. Ég varð stúdent frá Fjölbrotaskólanum í Ármúla og fór svo í Háskólann og stundaði nám við guðfræðideildina.

Ungur kynntist ég Evu Björk minni og við höfum verið saman allar götur síðan. Við giftum okkur árið 2003. Við eigum þrjú börn, Gísla Örn 13 ára, Önnu Margræti 10 ára og Óskar Örn 5 ára.

Við fjölskyldan erum nokkurn veginn búin að koma okkur fyrir í prestbústaðnum. Húsið er notalegt og þar liður okkur vel. Fjölskyldan mín flytur hingað í vor en verður annars í Reykjavík í vetur því við ákváðum að láta börnin klára skólaárið þar. Það er líka heppilegast þar sem verið er að taka prestbústaðinn í gegn, skipta um glugga, lagnir og fleira og snúið fyrir stóra fjölskyldu að búa í því á meðan á framkvæmdum stendur. Þau munu koma austur til mín eins oft og hægt er t.d. um jól og áramót. Síðan er Eva að skoða atvinnumálin en hún vinnur hjá Landsbankanum og hefur verið svo heppin að geta sinnt verkefnum sínum í útibúinu hér þegar hún er í heimsókn.

Þú stundaðir íþróttir, kepptir og þjálfaðir um árabíl?

Ég byrjaði snemma að þjálfra, fyrst sem aðstoðarþjálfari og fljótlega varð ég aðallþjálfari barna og unglunga í KR. Sjálfur lék ég handbolta með KR og sameiginlegu liði Gróttu og KR í meistaraflokki, en þurfti að hætta vegna alvarlegra meiðsla 23 ára. Því var erfitt að kyngja en ég fékk tækifæri til að þjálfra meistaraflokk í framhaldinu og það hjálpaði mér mikið við að sætta mig við að geta ekki spilað lengur.

Vegna vinnu minnar sem þjálfari höfum við hjónin meðal annars búið í Vestmannaeyjum. Eva lék lengi vel undir minni stjórn og saman urðum við Íslandsmeistarar með ÍBV. Síðar fluttum við til Noregs þar sem ég þjálfaði í ein fimm ár og Eva spilaði lengst af með liðinu sem ég stjórnaði.

Áhugamálin mín tengjast mikið íþróttum, aðallega boltagreinum, en ég hef einnig mikinn áhuga á útivist og stangveiði. Hef ég t.d. veitt mikið við Þingvallavatn þar sem fjölskyldan mín á sumarbústað. Ísland er mér hugleikið, náttúran, sagan og landsbyggðin. Ég hef líka áhuga á bókum og bókmenntum.

Hvað réði því að þú fórst í guðfræðinám?

Ég hef oft verið spurður að því hvers vegna ég hafi valið guðfræði. Einfalda svarið er í raun þannig að ég hef alltaf trúað af einlægni. Trúin hefur hjálpað mér og styrkt mig í ýmsum aðstæðum. Guðfræðinámið sameinar einnig uppáhalds námsgreinar mínar, sögu, tungumál, sálfræði og félagsfræði svo eitthvað sé nefnt. Þegar amma mín kvaddi, fengum við prest í heimsókn á spítalann. Á þeirri stundu var ég ákveðinn í því að verða prestur, þó erfitt sé að útskýra nákvæmlega hvers vegna eða hvað nákvæmlega varð til þess. Ég hef margoft upplifað að Guð sé með mér og hjálpi, hann er hæli mitt og styrkur, það er svo einfalt.

Þegar þú þjálfar fólk þá er oft gott að geta leitað á náðir trúarinnar, trúin og íþróttir eiga svo margt sameiginlegt. Við undirbúning fyrir stóra leiki þarf t.d. íhugun og andlegan undirbúning þar sem trúin getur hjálpað. Þegar leikmenn upplifa erfiða tíma t.d. vegna skóla eða persónulegra mála er gott að ræða mál. Jafnframt má benda á að skærustu stjörnur íþróttahéimsins í dag leita mikið á náðir trúarinnar í mótlæti og þakka Guði í meðbyr. Persónulega fannst mér oft erfitt að segja frá því að ég væri trúður en í dag er það frekar flott og alls ekki hallærislegt. Fyrirmyndir eins og Stephen Curry í NBA körfuboltanum eiga mikinn þátt í því. Þeir sem fylgjast með enska boltanum vita líka að leikmenn signa sig og þakka Guði. Þessi venja er mikið tilkomin vegna þess að útlenskir leikmenn frá t.d. Suður-Ameríku er ófeminnir að tjá trú sína. Emil Hallfredsson, Gylfi Sigurðsson og Sara Björk Gunnarsdóttir hafa einnig tjáð sig opinberlega um trúmál sín.

Hvernig sérð þú starfið hér, fyrir þér á næstu árum?

Áherslur í Austfjarðaprestakalli eru sannarlega á grasrótastarfið. Þannig hef ég uppi hugmyndir um að koma á öflugum æskulýðsstarfi á Djúpavogi. T.d. með því að tengja íþróttaskóla barnanna og sunnudagaskólann. Tíu til tólf ára starfið hefur gengið vel undanfarin ár og því verður haldið áfram. Það er svo mikið af börnum á Djúpavogi og því ættu að vera miklir möguleikar til að halda úti öflugum æskulýðsstarfi.

Prestarnir í prestakallinu vinna náið saman m.a. í æskulýðsstarfinu og það er mjög spennandi fyrir okkur nýju prestana að starfa saman í teymi. Það er líka spurning hvort hægt sé að tengja saman íþróttir og kirkjustarfið? Auk þess dreymir mig um að kirkjan verði eftirsóknarverður staður fyrir íbúa á öllum aldri, t.d. með því að hafa fleiri viðburði en hina hefðbundnu messu. Það væri gaman að ná að kynnast íbúum Djúpavogs allt frá þeim yngstu til hinna elstu, kirkjan þjónar öllum.

Ég hef gaman að því að spjalla við fólk og hlakka mikið til starfsins. Kirkjan hefur átt undir högg að sækja. Þrátt fyrir það treysta margir Íslendingar kirkjunni sinni. Það þarf að halda vel á spilunum og efla hið góða starf ennfrekar sem kirkjan innir af hendi.

Hefurðu eitthvað kynnt þér sögu sveitarfélagsins? Ertu til að mynda búinn að lesa hið merka rit Að breyta fjalli?

Foreldrar mínir rákust á bókina á fornbókasölu um daginn og gáfu mér hana. Hún er á náttborðinu þessa dagana og er skemmtileg og fróðleg lesning. Ég hafði frétt af bókinni og ætlaði mér að verða út um hana þegar foreldrar mínir komu færandi hendi. En hróður bókarinnar berst víða og var meðal annars umræðuefni í heita pottinum í Vesturbæjarlauginni.

Að lokum langar mig að nefna að það væri gaman að messa í Papey næsta sumar. Hef rætt þessa hugmynd við nokkra aðila, held að þetta gæti orðið skemmtilegt. Sé fyrir mér fjölda fólks sigla út í Papey og eiga þar góða stund saman í sumarblíðu. Áður en ég get farið að skipuleggja siglingar þarf að heyra í landeigendum.

Sá draumur minn að verða prestur hefur nú ræst. Ég hef lengi stefnt að þessu. Starfið er innri köllun og ég fann það þegar embættið á Djúpavogi var auglýst að nú væri komið að þáttaskilum í lífinu. Ég er auðmjúk að hafa fengið brauðið. Það er jafnframt mikill heiður að hafa fengið starfið á Djúpavogi og fá að kynnast Austurlandi öllu í raun, með sameiningu prestakalla. Djúpavogur er einstaklega fallegur bær, stefna bæjarins höfðar til mín (cittaslow) og hér virðast óteljandi möguleikar til útivistar, siglinga og veiða, svo eitthvað sé nefnt. Íbúarnir og fólk í kirkjunni hafa tekið okkur vel og kirkjurnar frá Álftafirði að Berunesi eru fallegar og vinalegar. Að endingu verð ég að nefna kór Djúpavogskirkju. Það er stórkostlegt og í raun einstakt hversu mörg þau eru í kórnum og áhugasöm, hlakka sannarlega til samstarfsins með þeim öllum.



HÓTEL FRAMTÍÐ JÓLAMATSEÐILL

LÉTTIR RÉTTIR:	AÐALRÉTTIR:	EFTIRRÉTTIR:
RJÚPUSÚPA Kr. 2.290	FRÖNSK ANDABRINGA Rotargrænmeti, <i>Pommes Anna</i> (kartöflur), rósakal, appelsínusósa Kr. 6.020	BAILEYS MÚS Kr. 2.090
LAXA CÉVICHE Sítróna, appelsína, avókadó, basil Kr. 2.080	PURUSTEIK A LA FRAMTÍÐ Kr. 5.980	JÓLAÍS Kr. 1.790
SÍLDARÞRENNNA 3 tegundir af síld borin fram með rúgbrauði og íslensku smjöri Kr. 2.550	HUMAR Hótel Framtíð klassik: hvítlaukssmjör, ristað brauð, fennel salat Kr. 6.210	TRUFFLUR / KONFEKT Kr. 1.890
SALTFISK esqueixada Ólivur, skalottulaukur, paprika, maukaðir tómatar Kr. 2.180	HNETUSTEIK Risotto, salat, chimichurrisósa, sæt pera. Kr. 4.690	JÓLAOSTAKAKA Kr. 1.690
LAXAPLATTI 3 tegundir af lax og meðlæti Kr. 2.990		

FRÁ 1. DES. TIL 8. DES.
 Borðapantanir í síma 478 88 87 milli 17-22.



RauðaKross búðin er
opin á miðvikudögum
frá 17-18.

The RedCross store is
open on wednesdays
from 17-18.

Sklep Czerwonego Krzyża
bedzie otwarty w środy
od 17-18.

Komið og gerið góð
kaup á flikum og
fylgihlutum!

Come and make a good
bargain on clothes and
accessories!

Nie przegap wyjątkowych
okazji na zakup ubrań i
akcesoriów!



Rauði krossinn
Djúpavogi

SMÁHÝSI



Vegna aukinna vinsælda smáhýsa er ástæða til að draga saman og kynna þær reglur er varða slíkar byggingar.

Samkvæmt lið 77 í gr. 1.2.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 msbr. er skilgreiningin á smáhýsi eftirfarandi:

„Skýli sem almennt er ætlað til geymslu garðáhalda o.p.h. og er ekki ætlað til íveru. Smáhýsi er ekki upphitað. Hámarksstærð þess er 15 m²“

Í gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð er fjallað um minniháttar framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi. Þar segir í lið g.:

Smáhýsi á lóð.

Smáhýsi úr léttum byggingarefnum til geymslu garðáhalda o.p.h. á lóð utan byggingarreits þegar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar, enda sé slík bygging ekki óheimil samkvæmt gildandi deiliskipulagi:

1. Flatarmál smáhýsis er að hámarki 15 m².
2. Fjarlægð milli smáhýsa innbyrðis, frá glugga eða hurð húss og frá útvegg timburhúss er a.m.k. 3,0 m eða sýnt er fram á að brunamótstaða veggja smáhýsis og aðliggjandi húss sé þannig að fullnægjandi brunahólfun náist á milli húsanna.
3. Veggur smáhýsis sem snýr að lóðarmörkum og er nær lóðarmörkum en 3,0 m er glugga- og hurðalaus.
4. Mesta hæð þaks á smáhýsi er 2,5 m mælt frá yfirborði jarðvegs.
5. Ef smáhýsi er nær lóðarmörkum en 3,0 m skal liggja fyrir skriflegt samþykki lóðarhafa þeirrar nágrannalóðar og skal það lagt fram hjá byggingarfulltrúa.

Hafa ber einnig í huga, líkt og segir í ofangreindri lýsingu, að smáhýsið má ekki vera óheimilt samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Sé deiliskipulag ekki fyrir hendi skal hafa samband við skipulagsstofu Djúpavogshrepps. skipulag@djupivogur.is

Það borgar sig alltaf að sækjast eftir áliti byggingarfulltrúa áður en hafist er handa eða efni keypt.

Nánari leiðbeiningar um smáhýsi má finna í leiðbeiningarblaði Mannvirkjastofnunnar sem er aðgengilegt á vef Djúpavogshrepps www.djupivogur.is undir hlekknum Byggingarfulltrúi. Eða heimasíðu Mannvirkjastofnunnar www.MVS.IS



Notó jól

Mikið úrval af bókum, leikföngum og skrauti- tilvalið í allskonar desember dagatöl og gjafir.

Mikið úrval af jólaskrauti, seríum og ýmsu sem upplagt er að föndra úr eða nýta sem umbúðir

Heitt á könnunni, kósý og notalegt í NOTÓ í desember

OPIÐ:
30. nóv.
7. des.
14. des.
21. des.

LEIKSKÓLINN - TRÖLLASÖGUR



Þetta er tröllastrákur sem er eins árs. Hann á heima í stóru fjalli með lyftu. Rúmið hans er á níundu hæð. Hann er með vígtennur því maturinn hans eru steinar. Í morgunmat borðar hann fisk og þá breytast tennurnar hans í mannatennur.

Einar Birgir Ævarsson
5 ára



Þetta er bara systir, ekki tröll. Hún heitir Sam. Hún á stofinn S. Hún á heima með Viggó og Alex í Svíþjóð. Henni finnst gaman að fara á trampólín og borða bláber og jarðaber og mér líka.

Særún Freyja Þorsteinsdóttir
4 ára



Þetta er Sævar tröllastrákur. Hann á heima í Gautarvíkurfjallinu. Hann spilar í tölvunni og leikur sér. Hann er góður og besti maturinn hans er kindakjúklingur.

Sævar Kári Pálmason
5 ára



Þetta er tröllastelpa sem heitir Máney. Hún á heima í bláu húsinu. Henni finnst skemmtilegast að fara í rennibrautina og borða tyggjó.

Máney Lilja Baldursdóttir
4 ára



Þetta er tröllakraki sem heitir Tella. Hún er fimm ára. Hún á heima í tröllafjalli. Mamma hennar sagði að hún átti að vera vond því hún er tröll.

Valborg Iðna Eiðsdóttir
5 ára



Þetta er Gulli tröllapabbi. Hann á heima í Dynheimum. Hann fer út á sjó og veiðir fiska. Tröll geta komið og hoppað á báta og brotið þá en báturinn hans Gulla brotnar ekki því báturinn er úr járni.

Birgir Guðlaugsson
4 ára

FRÍÐARLEIÐ BARNINS

Í leikhúsið lítil dúlla,
í lafsíðum kjól, svo fín,
arkar Lovísa, – Lúlla;
ljúfan er frænka mín.

Indæl á allan máta,
undravel hegðar sér.
Tveggja ára er táta,
trítlar, – í sæti fer.

Höllu drottningar, dýra,
dásamlegt var að sjá
Andersens ævintýra
auðlegðin dæmafá.

Illt frá góðu að greina
gáta varð Lúllu ei.
Við drottningu illa, – eina,
ekki þar sættist, – nei.

Lúllu nú líða dagar,
í leikskóla hefur frí.
Óyndi angann plagar,
áhyggjur valda því.

Eitthvað nú angrar barnið,
ekki það sefur vært.
Mænir á hrímkalt hjarnið;
hugmynd fær barnið kært.

Drottningu, leiða, ljóta,
leiddi það sér við hönd.
Enginn hata né hóta,
héldust vináttubönd.

Drottningu, leiða, ljóta,
leiddi það sér við hönd.
Enginn hata né hóta,
héldust vináttubönd.

Lúlla vill lagin bæta
leiðan drottningar heim.
Í hádegis heima-sæta
hátt mælir, – dregur seim:

„Úti á löngu labbi,
ljótri drottningu með,
mundi ég, mamma, pabbi,
mjög bæta hennar geð.“

„Drottningin, illa, yrði
indæl, friðsöm og góð.
Alveg ég þetta þyrði,
það mælir hið unga fljóð.“

*

Biðjum nú bræður kæra
barnið að hlusta á,
betur um byggðir læra;
batna mun heimur þá.

Festum fegurð í minni,
Fjallræðu, visku orð.
Illskunni ljótri linni.
Litist ei blóði storð.

Kristín Vilhelmína Sigfinnsdóttir

Fríðarleidd barnsins

Tílefni kvæðisins var, að stúlka á þriðja ári fór í Þjóðleikhúsið að horfa á barnaleikrit sem byggt var á sögu eftir danska ævintýraskáldið H.C. Andersen. Ekki sætti hún sig við ófriðsama sögupersónu; velti málinu fyrir sér, og kom svo með lausnina: „Ætli drottningin yrði ekki alveg góð, ef ég færi með henni út að labba?“!

Vissulega yrði friðvænlegra í heiminum, ef menn töluðust við.
Jólin eru hátíð barnanna, og margt má af þeim læra.
K.V.S.


FERÐAMENN Á DJÚPAVOGI, SUMARIÐ 2019

Í sumar var starfrækt Upplýsingamiðstöð í Löngubúð og var upplýsingum safnað um þjóðerni gesta á Ríkhafssafnið og einnig voru fyrirspurnir gesta skráðar niður. Undirrituð er nú búin að taka þessar upplýsingar saman og eru þær birtar hér.

Alls keyptu 670 manns sig inná safnið og má sjá dreifingu þjóðerna í súluritinu hér að neðan. Íslendingar voru langflestir, 25% en næstir á eftir þeim koma Hollendingar og Frakkar um 15%. Þar á eftir Þjóðverjar og Bandaríkjamenn um 11% en athygli vekur hversu fáir Norðurlandabúar heimsækja safnið. Þeir sem koma lengst að eru frá Nýja-Sjálandi, Chile og Laos.



Gaman var að fara yfir spurningar gesta en þær voru mjög fjölbreyttar. Langflestir spurðu um Papey og Papeyjarferjuna eða 25% spyrjenda, og þar á eftir voru tæplega 15% sem vildu fá að vita hvað væri hægt að gera á Djúpavogi. Um 13% spurðu um Eggin í Gleðivík en auk þess var spurt um gönguleiðir á svæðinu, lunda, ýmis konar þjónustu, náttúru og ýmislegt fleira. Einn vildi fá að vita hvar hann gæti keypt buxur, annar var villtur og þurfti að fá leiðbeiningar um það hvernig hann kæmist út úr þorpinu og svona mætti lengi telja.



Það verður fróðlegt að bera þessar upplýsingar saman við gögn næsta sumars og ljóst er að hér eru mörg tækifæri fyrir okkur ef við viljum nýta okkur þau.

F.h. atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

HÆKUR OG HEFÐBUNDIÐ LJÓÐ

Nemendur í 7. og 8. bekk fengu það skemmtilega verkefni á dögum að skrifa hækur um skammdegið og jólin. Hæka er Japanskt bragform sem hefur þrjár braglínur. Fimm atkvæði eru í fyrstu og þriðju línunni, en sjö atkvæði í miðlínunni. Hefðbundin hækka fjallar oftast en ekki um árstíð eða náttúruupplifun. Nemendurnir voru ekki í vandræðum með að tileinka sér formið. Einhverjir vildu líka spreyta sig á hefðbundnari kveðskap og því fær vísan Klukkurnar að fylgja með.

Klukkurnar

Heyrðu klukkurnar hljóma.
Hlustaðu klukkan er sex.
Þá er tími til að þrjóna.
Te börnin fengu og kex.

Anna Jóna, Ríkey og Vígðís

Besti tími jólanna

Jólin eru best
því þá fæ ég gjafir og
flottan góðan mat.

Róbert

Stúfur

Stúfur er lítill
og svakalegur bítill,
eins metra trítill

Björgvin og Hilmir

Grýla

Það er snjókoma.
Grýla vill samt engan snjó
því þá hún dettur.

Grýla étur börn
sem að eru óhlýðin
á þessum jólum.

Grýla hatar snjó.
Ekki borða gulan snjó
því hann er ógeð.

Brynja, Guðrún og Jónína

Hnetur

Ég segi sögur
um ofurlitla hnetu.
Takk fyrir okkur

Haraldur, Óðinn og Sigurður Atli

*Fiskeldi Austfjarða óskar íbúum Djúpavogshrepps
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.*

ICE FISH
FARM

LEIKSKÓLINN - TRÖLLASÖGUR



Þetta er tröllastrákur. Hann heitir Lítid-Barn. Hann vill leika með dót. Hann á heima í fjöllum. Hann spilar við Olivier fótbolta og trölíð er vinur minn.

Olivier Piotr Ptak
4 ára



Þetta er tröllastelpa sem heitir Gígja. Hún á heima í fjöllum. Hún er góð. Henni finnst gaman að lita og mála og fara í hreyfingu í brúna tröllaleikskólanum. Hann er mjög langt í burtu. Það eru fimm krakkar í tröllaleikskólanum. Þau eru öll sex ára.

Rán Heiðdal Nökkvadóttir
3 ára



Þetta er tröll sem heitir Aron Freyr. Hann á heima á Teigarhorni. Hann horfir á sjónvarpið og gerir marga, eins og að borða mannfólk. Hann borðar samt ekki mannfólkið á Teigarhorni því hann er vinur okkar.

Aron Freyr Rúnarsson
5 ára



Þetta er tröllapabbi sem heitir Baltasar Brikisson. Hann á heima á Íslandi hjá mér. Hann er í jólafötum af því að það eru að koma jól núna og hann er með augu á maganum af því að hann er rugludallur.

Baltasar Birkisson
4 ára



Þetta er tröllastelpa sem heitir Frozen. Hún á heima hjá steinunum. Henni langaði að vera fín og falleg af því að það er gaman.

Erla Marín Matthíasdóttir
4 ára

Hótel Framtíð
Óskum öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum það liðna og hlökkum til ánægjulegs
samstarfs á nýju ári.

Með kveðju,
starfsfólk á Hótel Framtíð.



Dagar sem er lokað
23/12, 24/12, 25/12, 26/12, 31/12, 1 / 1

Jóladagskrá Djúpavogshrepps



Laugardagur 30. nóvember

15:00-16:00 Notó í Vogshúsi

18:00 Jólaladabord 60 ára og eldri í Tryggvabúð

Sunnudagur 1. desember

11:00 Jólaföndur Foreldrafélags leikskólans

14:00 Fjölskyldustund í Djúpavogskirkju

17:00 Kveikt á jólatrénu

Miðvikudagur 4. desember

17:00-18:00 RauðaKrossbúðin opin

Fimmtudagur 5. desember

18:00-20:00 Jólamarkaður kvenfélagsins í Löngubúð

Föstudagur 6. desember

12-15 Jólaladabord Við Voginn

15:00 Foreldrakaffi í leikskólanum

Hótel Framtíð í desember

Jólamatsdill frá 1. til 8. desember.

*Djúpavogshreppur óskar
öllum íbúum
sveitarfélagsins glédilegrar
hátíðar og farsældar á
nínu ári*

Laugardagur 7. desember

15:00-16:00 Notó í Vogshúsi

*Síðasti dagur flöskumóttöku á árinu

Miðvikudagur 11. desember

17:00-18:00 RauðaKrossbúðin opin

Föstudagur 13. desember

18:00 Adventuhátíð í Djúpavogskirkju

*Jólaball í leikskóla

Laugardagur 14. desember

15:00-16:00 Notó í Vogshúsi

Sunnudagur 15. desember

13-14 Jólátrésala

Miðvikudagur 18. desember

17:00-18:00 RauðaKrossbúðin opin

*Jólafatadagur í leikskóla

*Litlu jólin í grunnskóla

Laugardagur 21. desember

15:00-16:00 Notó í Vogshúsi

Sunnudagur 22. desember

11:00 Sunnudagaskóli í Djúpavogskirkju

Mánudagur 23. desember

12-13 Skótuveisla í Við Voginn

Þriðjudagur 24. desember

18:00 Aftansöngur í Djúpavogskirkju

Miðvikudagur 25. desember

14:00 Hátíðarguðþjónusta í Djúpavogskirkju

Laugardagur 28. desember

16:00-17:30 Jólaball á Hótel Framtíð

Sunnudagur 29. desember

13 – 22:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru

14:00 Áramótaguðþjónusta í Hofskirkju

Mánudagur 30. desember

13:00 – 22:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru

Þriðjudagur 31. desember

10:00 – 14:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru

2020

Laugardagur 1. febrúar

*Þorablót

FRÁ FORELDRAFÉLAGI LEIKSKÓLANS

Á foreldrafundi í haust var mynduð ný stjórn.

Hera Líf Liljudóttir hélt áfram sem formaður, Ásdís Heiðdal tók við gjaldkerastöðu af Gretu Mjöll Samúelsdóttur og Hafdís Reynisdóttir tók við ritarastöðu af Karen Sveinsdóttur. Við þökkum Karen og Gretu fyrir frábært starf sem þær héldu uppi síðastliðið ár.

Stjórnin hélt þriggja kvölda félagsvist í fjáröflunarskyni og gekk það vonum framár.

Við þökkum Fiskmarkaði Djúpavogs, Búlandstindi og Ónesi kærlega fyrir að styrkja okkur með vinninga.

Jólapappírssalan fór fram í ár eins og síðustu ár og þökkum við bæjarbúum sem styrktu okkur þar.

Framundan er jólaföndrið okkar sem verður sunnudaginn 2. desember frá kl. 11-13 í leikskólanum. Föndrið er aðeins ætlað leikskólabörnum.

Sameiginlegt jólaball foreldrara félaganna tveggja, leikskólans og grunnskólans, verður haldið laugardaginn 28. desember. Allir bæjarbúar eru hvattir til að mæta og dansa nokkra hringi kringum jólatréð.

Stjórnin

AF STOFNUN SKÁKFÉLAGS Á DJÚPAVOGI



Skákfélag var stofnað á Djúpavogi 2. október síðastliðinn. Hugmyndin að stofnun skákfélags innan íþróttafélagsins var viðruð við stjórn Neista í haust. Þeim fannst hugmyndin góð og skákfélagið var stofnað og vígt miðvikudagskvöldið 2. október kl 19:00 í Neista og höfum við verið að tefla öll miðvikudagskvöld síðan þá.

Fljótlega eftir vígslukvöldið var farið í að panta skákborð og klukkur. Ég hef tekið eftir miklum skákáhuga eftir að ég stofnaði félagið og það er alltaf þétt setið á skákvöldunum okkar. Bæði ungir sem aldnir hafa mætt og teflt af hörku enda eru allir hjartanlega velkomnir. Draumur minn er svo að halda árleg mót í Djúpavogshreppi en það kemur allt með tímanum.

Natan Leó Arnarson

Ljósín á jólatré Djúpavogshrepps verða tendruð fyrsta sunnudag í aðventu, þann 1. desember kl. 17:00, á Bjargstúni.

**Grunnskólanemi kveikir jólaljósín. Sungið og dansað í kringum jólatréð
Jólasveinar kíkja í snemmbúna heimsókn niður í mannabyggð
með sitthvað í pokahorninu.**

Jólatréð er gjöf frá Skógræktarfélagi Djúpavogs.

**Tendrun jólatrésins
2019**

MATARSMIÐJAN



Austfirðingar hafa í gegnum tíðina verið duglegir við að nýta sér gjafir náttúrunnar, enda eftir nægu að slægjast. Þeir hafa m.a. slátrað, veitt, skotið, reykt, saltað, bakað, sultað og súrsað. Lengst af þótti ekki tíðindum sæta þótt að borð væri borinn handunninn matur beint frá býli.

Með auknu vöruframboði og breyttum fjölskylduhögum hefur þessi heimilisframleiðsla verið á undanhaldi. Síðustu misserin hefur þó verið vitundarvakning um hve mikilvægt er að halda í matarhefðir, brydda upp á nýjungum og stuðla um leið að meiri sjálfbærni og minni matarsóun.

Til að bregðast við þessum meðbyr hafa fulltrúar Atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps verið að kanna hvort grundvöllur sé fyrir að því koma á laggirnar svokallaðri matarsmiðju þar sem smáframleiðendur og aðrir matgæðingar geta unnið að vöruþróun og framleiðslu í viðurkenndu eldhúsi. Af því tilefni var boðað til fundar í haust til að kanna áhuga heimamanna.

Fundurinn var vel sóttur og fundargestir sammála því að matarsmiðja á Djúpavogi myndi styðja við þá framleiðslu sem fyrir er og vera hvatning fyrir aðra. Fyrir lá eyðublað um viljayfirlýsingu fyrir þá sem hefðu hug á að nýta sér slíka þjónustu.

Að ýmsu þarf að hyggja áður en endanleg ákvörðun verður tekin um hvort farið verður af stað með matarsmiðju á svæðinu, en fyrsta skrefið er stigið í þá átt.

BE

*Bóndavarðan óskar öllum
lesendum sínum til sjávar og
sveita gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.*

Kærar þakkir til ykkar allra sem lagt hafa blaðinu lið.

Án ykkar, lesendur góðir og höfundar efnis, væri engin Bóndavarða.

Ritvöllur Bóndavörðunnar er öllum opin svo hugsid áfram til okkar þegar þið
upplifið og ljósmyndið áhugaverða atburði í lífinu, rifjið upp gamlar sögur eða
finnið fróðlegt efni í handraðanum.

Bóndavarðan

EGGIN Í GLEÐIVÍK

Til undirritaðs hefur verið leitað til að fá upplýsingar um tilurð þess að listaverk Sigurðar Guðmundssonar Eggin í Gleðivík var sett upp á Djúpavogi síðsumars árið 2009. Mun ég nú reyna að gera því skil.

Árin á undan var margt í blóma í byggðarlaginu, eins og víða á Íslandi í aðdraganda hrunsins 2008. Þó voru farnar að sjást óveðurskólgur á lofti í atvinnulegu tilliti. M.a. hafði verið ákveðið að selja öll tæki úr fiskimjölsverksmiðunni (bræðslunni) í Gleðivík til Mexíkó. Þá var útséð um að viðleitni forsvarsmanna sveitarfélagsins að hefja þar rekstur á ný, bæri árangur. Sveitarfélagið stóð samt þökkalega fjárhagslega séð og gat staðið undir ýmsum framkvæmdum á þessum árum.

Hafnarsjóður Djúpavoghrepps hafði haft góðar tekjur árin á undan. Miklum afla var landað í eldri höfninni og hann ýmist verkaður á staðnum eða fluttur til annarra landshluta. Nýr viðlegugarður hafði verið byggður í Gleðivíkinni og var lokið við hann fyrir áramótin 2002. Ástæðan fyrir framkvæmdinni var tilvist áður nefndrar bræðslu, enda var talið óhægt um vik að laða að skip til að landa uppsjávarfiski, án þeirrar aðstöðu sem þarna skapaðist. Skipin lögðust að garðinum, löndunarbúnaður var á bryggjunni og aflanum dælt um 200 metra leið upp í bræðsluna. Í því skyni var völdugu röri komið fyrir á milli bryggju og bræðslu og lá það vel fest ofan á steiptum stöplum með um 6 metra millibili. Um það bil er saga þessi gerist var farið að stytast í að rörin yrðu tekin í sundur og síðar flutt, með öllu hinu slenginu er tilheyrði bræðslunni, til annarrar heimsálfu. Var því sýnt að steypuklumparnir yrðu að óbreyttu til lítils gagns á næstunni. Nóg um það í bili.

Mér gefast af og til tækifæri til að fræða fólk um aðdraganda þess, að Djúpvogur getur státað af – að mínu mati, einu merkasta útlistaverki landsins. Oft er um að ræða erlenda ferðamenn, sem sýna verkinu mikinn áhuga. Fyrst greini ég frá því á hvern hátt listamanninn Sigurð Guðmundsson og hans ágætu konu, Ineke, rak á fjörur byggðarlagsins, enda er sú saga lykillinn að því sem á eftir kom. Hugsanlega færi ég frásögu mína eitthvað í stílinn, en efnislega er atvikaröðin sem hér greinir.



Að haustlagi komu þau Sigurður og Ineke með ferjunni til Seyðisfjarðar og ætluðu að aka áfram til höfuðborgarinnar á húsbíl, sem var fararskjóti þeirra í þetta sinn. Eitthvað mun þeim hafa dvalist áður en lagt var af stað suður á bóginn. Hvorugt þeirra þekkti mikið til á þessum slóðum, en undir rökkur sáu þau skilti við þjóðveginn, sem benti á afleggjarann niður á voginn fagra og djúpa. Þau ákváðu að aka inn í plássíð og leita að stað til að leggja bílnum svo þau gætu hvílst um nóttina. Til að gera langa sögu stutta óku þau um götuna Hammersminni og fundu þar staði fyrir bílinn, hvar þau lögðu honum og gengu til náða.

Snemma næsta morgun vöknud þau við fuglasöng og ilm í lofti. Ekki versnaði líðan þeirra þegar út úr gististaðnum var komið, því við blöstu Búlandstindur, Snjótindur og öll hin dásamlegu fjöllin í fjörðunum þremur í nágrenninu. Sólin skein sem aldrei fyrr á dýrðina alla – sanda, kletta, lón og voga. Töldu ferðalangarnir sig í fyrstu hafa lent í himnaríki. Alla vega fannst þeim stemmingin jafnast á við sögusagnir um þann íverustað, miðað við greinargóðar lýsingar á honum. Svo uppnumin voru þau á þessari stundu að bæði urðu sammála um, að þarna vildu þau dvelja oftar og lengur til að njóta dýrðarinnar.

Í beinu framhaldi af þessu fóru þau því að svipast um eftir húsi til að festa sér til dvalar í fríum á Íslandi. Ekki leið á löngu þar til þau höfðu eignast lágreist hús vestast í götunni. Létu þau reyndar ekki við það sitja, heldur byggðu aðra hæð þar ofan á og er eignin nú hin ásýnilegasta. Enginn vafi var í þeirra huga eða annarra, sem heyrðu lýsingarnar frá morgninum unaðslega, hvað húsið ætti að heita. Það hlaut að fá nafnið Himnaríki og gengur undir því síðan.

Sigurður og Ineke vinna bæði erlendis og hann er með fyrirtæki til listsköpunar sinnar í Kína. Því gefast þeim of sjaldan tækifæri til að eyða mörgum dögum á ári í húsinu góða á Djúpavogi. Þau láta þó fá tækifæri ónotuð að koma þangað til dvalar og eyða þar ljúfum stundum, m.a. með vinum sínum í hópi heimamanna, enda bæði elsk að byggðarlaginu.

Af meðfæddri þörf fyrir að blanda geði við fólk fóru þau, en þó einkum Sigurður, að venja komur sínar á hreppsskrifstofuna, væri hann staddur í byggðarlaginu. Dag einn að sumarlagi, árið 2008, kemur Sigurður inn og spyrst fyrir um sveitarstjórnann. Bauð ég honum hið snarasta upp á kaffi og tylltum við okkur á kaffistofunni á efri hæðinni í Geysi.

Heldur virtist gestur minn hryggur í bragði. Hafði hann á því öngvar vífillengjur, heldur sagði án málalenginga: „Ég var að fá fréttir af því, að þið séuð að missa bræðsluna í burtu, og vildi því koma og segja þér hvað við lneke erum leið yfir því að heyra þetta.”

Ég hafði nú haft lengri tíma en hann til að setta mig við þær aðstæður, sem byggðarlagið var þarna vissulega komið í. Svaraði ég því að bragði að ég þakkaði honum hugulsemina og á henni þyrftum við vissulega að halda á erfiðum tímum sem þessum.

Ég veit í dag og gerði mér fljótlega grein fyrir því, að í undirmeðvitund minni hafði framhald viðbragða minna blundað í nokkurn tíma, en þarna laust þó niður í huga mér hugmynd, sem ég ákvað að snara fram við listamanninn. Því bætti ég við og það tel ég mig muna orðrétt:

„Veiztu það, Sigurður, að ég er þeirrar skoðunar að breytingar geti ætíð kallað á ný tækifæri.”

„Hvað áttu við?” spurði listamaðurinn.

„Ja, ég hef látið mér detta í hug að koma mætti fyrir listaverkum ofan á steinstöplunum, sem liggja niður að bryggjunni,” svaraði ég.

Viðmælandi minn varð hljóður við um stund og virtist hugsí. Eftir að hann hafði lokið við hinar fábrotnu góðgjörðir, er í boði voru, stóð hann upp, en kvað fast að orði þegar hann kvaddi mig og sagði: „Ég ætla að líta við hjá þér aftur um þetta leyti á morgun.“ Ég sagði hann ætíð myndi verða auðsúgest í húsum okkar Djúpavogsmanna og skildum við með virktum.

Það gekk eftir sem listamaðurinn hafði sagt. Stundvíslega um þrjúleytið daginn eftir mætti hann ábúðarmikill í síða frakkanum sínum og hafði ekki miklar málalengingar, þegar við höfðum tyllt okkur niður í kaffistofunni.

„Ég fékk hugmynd.”

„Já, það kemur mér ekki á óvart,” var svar mitt.

Hann hélt áfram: „Ég er búinn að tala við minn bezta mann í verksmiðjunni í Kína. Fyrst fór ég þó inn í Gleðivík í gær eftir að við kvöddumst, tók myndir af stöplunum og sendi þær í tölvupósti til Kína.



Minna maður „fótósjoþaði“ svo myndir af svipuðum verkum sem við erum með í vinnslu þarna. Ég vil að það verði sett 34 verk á stöplana, þ.e. eitt á hvern þeirra. Hérna sérðu sýnishorn.“

Hann sýndi mér svo útprentun af fuglseggi úr granít, svipuðu þeim sem nú er þarna að finna. Ég svitnaði, þegar upp fyrir mér rann hvað ég hafði sett okkur í. Fór ég að hugsa um kostnaðinn sem þessu myndi fylgja, en stundi þó upp aðdáunarorðum yfir hugmyndinni og útfærslunni.

Hann sá efalaust hvað mér leið og sagði: „Þetta kemur til með að kosta ákveðinn pening, en ég mun halda því í lágmarki og tel að þið eigið að geta ráðið við þetta.“

Allur af vilja gerður til að þoka málinu áfram, kvaðst ég þurfa að leggja málið fyrir sveitarstjórnina og þá þyrfti ég að vita hvaða verð við værum að tala um.

„Við erum búnir að reikna þetta til enda og ég gæti afhent verkið fullbúið að viðbættum flutningum frá Kína til Amsterdam og þaðan til Reykjavíkur.“

Innifalið í tilgreindum kostnaði var vinnsla á granítblokkum undir yfirborði jarðar, skurður á þeim og slípun, borun fyrir festingar, stálpolli milli eggs og stöpluls, þökkun og svo flutningurinn til Íslands eins og áður greinir. Flestir listamenn (sem þurfa að lifa eins og við hin og selja reyndar ekki verk sín daglega) hefðu bætt við verðið kostnaði við þróun og úrvinnslu hugmynda, listamannspættinum sjálfum, en ég er og hef ætíð verið sannfærður um að þessum hluta sleppti vinur vor algjörlega.

Þarf lítt að spyrja um verð á jafn fágætu verki og hér um ræðir, hefði kaupandinn t.d. verið stórborg í Evrópu eða Ameríku. Nefndi Sigurður síðan heildarverð, sem var sambærilegt og fremur dýr tegund af bifreið, sem þá var farin að sjást á vegum landsins. Sýndist mér það ekki heldur myndi vera mikið hærra en kostnaður við afleggjarann góða frá Hammersminni yfir að nýja leikskólanum á staðnum, sælla minninga. Hann hafði þurft að leggja gegnum hyljúp mýrarsund með ærnum tilkostnaði til að komast yfir á leikskólalóðina.

Nestaður þessum upplýsingum lagði ég málið fyrir sveitarstjórnina og þrátt fyrir að blikur væru á lofti í ýmsu tilliti voru menn sammála um að þessi hugmynd félli vel að áherzlum okkar um að styrkja og efla ferðaþjónustu í byggðarlaginu. Var því gengið frá formlegu samkomulagi við Sigurð, en báðir aðilar áskildu sér rétt til að vinna frekar að útfærslunni. Var þá m.a. haft í huga að ákveða þyrfti á hvern hátt verkið yrði framsett og hver umgjörð þess yrði. Stakk Sigurður upp á því að fundið yrði út hvaða 34 fuglategundir verptu helzt í nágrenni vogsins. Bætti hann við, að menn yrðu að tilgeina einkennisfugl fyrir byggðina því að eggjið næst verksmiðjuhúsinu yrði stærra en öll hin, enda var undirstaðan þar öflugri en hinar.

Fljótlega lá fyrir að umræddur einkennisfugl yrði lómurinn, enda tígulegur á flugi og syndir um af virðuleik miklum, milli þess sem hann leitar fæðu – oft víðs fjarri varpstað. Fyrir lá strax, að ekki yrði hægt að velja granít með öllum litum sem finna má á fuglseggjum og taldi listamaðurinn að um 3-4 liti yrði að ræða. Hins vegar myndi hann leggja áherzlu á að ná lögun allra eggjanna og upplýsti að þau yrðu nokkurn veginn öll af sömu stærð, um 300 kg hvert. Þannig að stærðarhlutföll þeirra í náttúrunni yrðu ekki rétt. Aðspurður hverju þetta sætti, svaraði hann að skoðandinn yrði að hafa í huga, að hann væri í hverju tilfelli fuglinn sem orpið hefði egginu og sæi það því með augum „eigandans“. Egg músarindils og álftar væru því álíka stór í þessu ljósi. Þetta ber vott um snilld hins sanna listamanns sem þarna á í hlut, enda ljóst að listaverk er ekki ákveðinn hlutur eða gjörningur, „matreiddur“ af höfundinum, heldur miklu frekar túlkun þess sem nýtur.

Eftir að samningar höfðu náðst um málið leið og beið – en þá kom hrunið – og flest fór til fjadans. Skömmu síðar hringir Sigurður í mig frá Kína og segist vita að nú geti orðið hart í ári hjá okkur Djúpavogsmönnum, eins og mörgum öðrum. Bauð hann okkur að hverfa frá samningnum, okkur að kostnaðarlausu, ef við treystum okkur ekki til að halda lengur áfram. Taldi ég einsýnt að við hyrfum ekki nema nauðbeygðir frá þessum glæstu áformum og óskaði eftir að leggja málið á nýjan leik fyrir sveitarstjórnina. Voru menn einróma um að halda ótrauðir áfram og flutti ég Sigurði snarlega þau skilaboð. Varð hann glaður við og kvaðst myndi leggja kapp á að verkið yrði sett upp samhliða dvöl þeirra Ineku á staðnum sumarið 2009.



Þetta gekk eftir og var listaverkið vígt með pompi og pragt þann 14. ágúst 2009, eins og lesa má um á heimasíðu sveitarfélagsins. Ég hvet fólk einnig til að lesa umfjöllun Jóns Baldurs Hlíðberg, teiknara og Þórhalls Pálssonar, arkitekts, en þær má finna á sama stað.

Sjálfur kem ég aldrei svo á Djúpavog að ég aki ekki inn í Gleðivík til að dást að gimsteinum þeim er þar hvíla í virðuleik sínum og minna á fegurð og einfaldleik náttúrunnar í formi fuglseggyja, sem eru, þegar grannt er skoðað, veigamikil undirstaða þess að lífið heldur áfram, þrátt fyrir að áföll af völdum grimma og gráðugra manna dynji yfir af og til.

Að lokum þetta:

Ég tel að ég hafi náð að sá ákveðnum fræjum í huga listamannsins á þeirri stundu þegar hann kom til mín daginn góða, verulega dapur yfir örlögum okkar. Hann á þó allan heiður af því hvernig til tókst og aldrei má gleyma því að hann nánast gaf okkur þetta listaverk. Það er í dag orðið rómað um víða veröld og veldur því að fjölmargir ferðamenn koma á Djúpavog gagngert til að berja það augum. Hafi hann og Ineke einlæggar þakkir fyrir elsku þeirra í garð byggðarlagsins, sem þau hafa sýnt á margvíslegan hátt, samanber hina árlegu sýningu Rúllandi snjóbolti.

Ég skora á forsvarsmenn sveitarfélagsins að sýna þeim báðum verðskuldaðan heiður á 10 ára afmælishátíð verksins Egginn í Gleðivík. Dugir þá ekki að hella upp á Neskafl í Geysi, enda veit ég að þeir kunna nútímalegri aðferðir en ég til að taka á móti góðum gestum svo vert sé.

Ég flyt kærar hamingjuóskir til höfundar, allra íbúa Djúpavogs og þeirra fjölmörgu sem hafa til þessa náð að dást að þeirri hreinu og tæru snilld er við blasir þeim sem um Gleðivík fara.

Stöðvarfirði 11. nóv. 2019,
Björn Hafþór Guðmundsson

RITHÖFUNDALESTIN Í DJÚPAVOGSHREPPI

Á árlegri ferð sinni um Austurland staldraði rithöfundalestin við á Djúpavogi. Að þessu sinni voru það þau Eva Björg, Andri Snær, Margrét Tryggvadóttir, Sveinn Snorri, Pétur Gunnarsson og Unnur Birna sem kynntu viðfangsefni sín í nýútkomnum bókum og lásu valda kafla fyrir áheyrendur í Löngubúð. Einnig var hægt að kaupa bækurnar á kostakjörum og fá þær áritaðar af höfundunum, ýmist með hefðbundnum áritunum eða ofur-áritunum.

Það er ánægjulegt að hér skuli hafa verið einn af viðkomustöðum rithöfundalestarinnar og vonandi verður föst lestarstöð hennar á Djúpavogi framvegis.



Höfundarnir að lestri loknum



Ofur-áritun

Aukakrónur

Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir jólin með Aukakrónum.

LÍÐUR AÐ JÓLUM

Og enn líður að jólum. Þessi gamla hátíð sem er ómissandi fyrir okkur Íslendinga unga sem aldna, kemur sem ljós í mesta skammdeginu. Allir eiga minningar um jólahald og undirbúning einhvers staðar í huga sínum og eru þær eflaust hver með sínum hætti, flestar gleðilegar. Ég er nú orðin talsvert rosken eins og flestir vita og man tímana tvenna. Ekki var búið að finna upp jólastress í þá daga. Eða hvað?

Það skyldi nú ekki vera að það hafi leynst líka uppi í afdal þar sem ég átti þá heima? Allavega byrjaði hún amma mín að skrifa jólabréfin og kortin seinni partinn í nóvember, enda átti hún 4 dætur (og vinafólk) sem þurfti að skrifa fréttir og koma tímanlega til viðtakenda.

Þar sem allt var á kafi í snjó mest allan veturinn, ferðuðust menn aðallega á skíðum. Þá var nú ekki búið að finna upp fjórhjól eða sexhjól og vegir mjög sjaldan ruddir og allra síst upp í afdalina. Samt heimtuðu nú konurnar á bæjunum að karlar færu í kaupstaðinn fyrir jólin og þeir vissu að ekki þýddi að mögla. Bökunarefni, epli, appelsínur, kerti, spil, smá sælgæti og hugsanlega eitthvað sem ég mátti ekki vita um. Já og hreingerningarefni! Allt skyldi vera hreint þegar hátíðin gengi í garð. Hreingerningarferlið tók eina þrjá daga, þrjú herbergi stofa, eldhús og tveir gangar.

Síðan hófst baksturinn. Randalín og hálfmánar, vanilluhringir og gyðingakökur, spesíur, mömmukökur, kleinur og svo auðvitað laufabrauð fagurlega útskorið....

Ég fékk það verkefni að þrifa hjá hundunum. Sennilega svo ég væri ekki að þvælast fyrir kvenfólkinu. Hundarnir Kolur og Kjói og tíkin Lubba, sem var fin hundafrú af skosku kyni, bjuggu í „bæjardyrnum“. Það var langur gangur, eins konar forstofa þar sem gengið var inn í íbúðarhúsið annars vegar en hins vegar inn í stóra geymslu. Þarna í „bæjardyrnum“ sváfu þeir stóran hluta dagsins hver í sínu „bæli“. Bælin voru stórir strigapokar með gamalli ull innan í. Það var nokkuð sterk lykt af þessum þrem ferfættu vinum mínum og full þörf á að gera eitthvað í málinu. Ég dró bælin út í snjóinn og rak hundana út með harðri hendi. Þeir horfðu á mig daprir á svip og hímdu úti á hlaðinu. Þeir voru greinilega að hugsa: „Á nú að eyðileggja tilveru okkar?“ Ég hófst handa, mokaði snjó inn í bæjardyrnar og sópaði gólfð upp úr honum. Þreif svo hundadallana þrjá, barði „bælin“ vandlega, henti gömlu ullinni og stal nýrri ull úr skemmumni (án samviskubits) til að þeir myndu vera í dúnmjúkum bælum þegar hátíðin gengi í garð. Og nú var hundalyktin svo að segja horfin. Svo tindi ég til smá matarbita í tandurhreina hundadallana og kallaði á Kol, Kjóa og Lubbu. Það voru glaðar skepnur sem sneru til baka, andvörpuðu feginsamleg og hreiðruðu um sig hver í sínu (vætanlega tandurhreina) bæli. Þeir litu ekki einu sinni ofan í dallana sína og ég varð að ganga á eftir þeim til að njóta kræsinga sinna.

Það var meira hvað þeir gátu sofið á veturna. En ef gesti bar að garði sem bönkuðu þessi hefðbundnu 3 högg á útidyrnar, ruku þeir upp með háværu galti, uns einhver fór til dyra. Þá skriðu þeir hálf skömmustulegir aftur í bælin. (Frú Lubba tók ekki þátt í þessum ribbaldagangi).

Fyrir kom að bæjarhrafarnir tveir komu alveg heim að íbúðarhúsinu, settust á girðinguna sem var utanum blómagarðinn og krunkuðu hressilega. Þá rumskuðu hundarnir, stukku á fætur og bofsuðu fullir af spenningi. Þeir kröfsuðu í útidyrhurðina og þegar einhver líknaði sér yfir þá æddu þeir út með úfinn hrygg og sperrt skott og fóru að reyna að stökkva upp á girðinguna til að ná í hrafnana. Krummarnir skemmtu sér konunglega, hoppuðu um og flugu jafnvel smáspöl. Kolur og Kjói köfuðu snjóinn á eftir þeim vælandi af spenningi. En aldrei tókst þeim að ná í þessa svörtu stríðnisþúka. (Frú Lubba svaf vært í sínu bæli og rétt opnaði annað augað þegar mest gekk á.)

Á endanum gáfust hundarnir upp og sneru hálf sneypitir til baka og hnigu þreytulega niður í bælin sín.

Stundum þegar veðrið var sérlega gott, heiðskirt og glampanði tunglsljós fór ég út á kvöldin og kallaði á hundana. Ég settist á góðan stað og byrjaði að syngja lágt: ÚÚÚ- - - ÚÚÚ- Ekki leið á löngu þar til þeir settust hjá mér og byrjuðu að spangóla hástöfum. Þeir lögðu eyrun aftur með og urðu angurværir á svipinn með trýnin beint upp í loftið. Þessi konsert stóð yfir þar til ég veltist um af hlátri. Þá urðu þeir fjarsta asnalegir og röltu inn. (Frú Lubba tók auðvitað engan þátt í þessari sönglist.)

Fyrir jólin fékk Stefán frændi minn hátíðlegt leyfi hjá móður sinni (ömmu minni) til að skjóta nokkrar rjúpur í jólamatinn. Annars var hún mjög andsnúin rjúpnaveiðum og sagði: „Fáir verða ríkir af fugladrápi“

En þarna var fengin undanþága og Stefán fór í stórhriðarúlpu, setti á sig loðhúfu og gekk út í skemmu til að ná í haglabyssuna sína.

Um leið og hundarnir sáu byssuna flúðu þeir í dauðans ofboði, tókst að opna tvennar dyr, æddu inn í eldhús, skriðu þar undir legubekk og lágu þar skjálfaði. (Frú Lubba svaf áfram hin rólegasta, auðvitað.)

Einkennileg fannst mér þessi byssuhræðsla í hundunum og jafn einkennilegt fannst mér að hún amma mín skyldi leyfa þeim að koma inn í eldhús. Það var eitt sem var annars bannað.

Pósturinn kom þrammandi á skíðum með fullt af blöðum, jólakortum og bréfum og nýjustu fréttum og meira að segja komu jólapakkar upp úr pokanum hans sem strax var farið með í felur.

Og svo loksins, loksins komu jólin með öllum sínum dásemdum, friði og fögnuði sem við öll þekkjum og minnumst.

Hrönn Jónsdóttir

ÚR HUNDRAÐ ÁRA SÖGU NEISTA

Kristján Ingimarsson hefur undanfarið grúskað í gömlum fundargerðum Ungmennafélagsins Neista og notað upplýsingar úr þeim, ásamt öðru efni, til að taka saman sögu félagsins. Í tilefni afmælisársins sem senn er á enda birtum við nú fyrri helming þessarar æfisögu, eða fyrstu fimm áratuginna, ásamt ávarpi óþekkts höfundar sem fannst í fornfálegri „Record“ bók innan um gamlar skræður.

Af lestri ávarpsins má sjá að kannski hefur ekki svo margt breyst í blaðaútgáfu á Djúpavogi. Það segir fátt af trúlofunum í dag – kannski er ástæða til að helga eins síðu í blaðinu þeim – en stöku brúðkaup ratar í Bóndavörðuna og fréttir af barnsfæðingum hafa tekið við af trúlofunarfréttum. „Enn eru má lesa í svæðisblaðinu um útskriftir og feringar og svo geta „menn komið með frumsamdar sögur, og kvæði og ferðasögur“. Mannlífið er samt við sig þó tækninni fleygi fram og fréttablöð ekki lengur handskrifuð heldur prentuð eða birt á veraldarefnum.

Ávarpið sem hér er birt er undirritað fyrir hönd Ungmennafélagsins Neista en nafn ritara kemur hvergi fram og enn hafa engin ummerki fundist um blaðið sem Neistamenn undirbyggðu útgáfu á. Ef einhver veit hvort þetta blað kom út árið sem Bogi Ragnarsson, Dagbjört Kristjánsdóttir og fleiri fermdust væri gaman að fá upplýsingar um það og eins væri gaman að fá upplýsingar um hvers rithönd er á efninu.

82

Fullnótarpörps börn
 1. Herra H. Jónsinsdóttir
 2. Bogi Ragnarsson
 3. Hjörtur Guðmundsson
 4. Lilja H. Þorvaldsdóttir
 5. Sigman Þ. H. H. H.
 H. 1. og 3. hafa þessi börn
 Feringarþing
 1. Bogi Ragnarsson
 2. Dagbjört Kristjánsdóttir
 3. Sigman Þ. H. H.
 4. Sigman Þ. H. H.

Ávarp

Ungmennafélagið Neisti hefur tekið upp þá nýbreytni í starfi sínu, að hefja útgáfu á blaði. Hér kemur þetta blað, kæru lesendur, í fyrsta sinn fyrir ykkar sjónir.

Tilgangur blaðsins á að vera margs konar. Það fyrsta er að reyna að fá félagsmenn til að æfa sig í ritleikni. Það er ekki ætlast til að félagsmenn komi með langar ritgerðir og ítarlegar í fyrstu, heldur að menn venji sig á að koma fram á ritvöllum.

Þetta getur verið hagnýtt fyrir hvern og einn „Enginn veit sína æfina fyrr en öll er,“ segir máltækið. Það getur legið fyrir hverjum og einum að vera valinn til trúnaðarstarfa fyrir sveit sína, sýslu eða þjóðfélag. Og ef menn vilja koma fram einhverjum áhugamálum sínum, er ritvöllurinn eitthvert bezta áróðurstækið. Hér gefst öllum tækifæri á að rækta áhugamál sín, allt á milli himins og jarðar, nema ekki um stjórnmál. Menn geta rætt um ýmis mál félagsins, framfaramál þorpsins, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, skógræktar- og byggingarmál, uppeldismál um hífylapryði o.m.fl. Einnig verður reynt að hafa fréttir úr þorpinu: afmæli, feringar, fullnaðarpróf, trúlofanir, giftingar og hvað það nú heitir allt sem til fréttu heyrir. Svo geta menn komið með frumsamdar sögur, og kvæði og ferðasögur.

Nafn blaðsins er ekkert táknrænt, en það er von stjórnarinnar að það megi kveikja „loga“ í starf félagsins. „Logandi“ áhugi verði hjá mönnum fyrir áframhaldandi útkomu blaðsins. En því aðeins heldur blaðið áfram að „loga“ að allir félagsmenn séu samstilltir, reyni að koma með efni í það eftir megni.

Við óskum svo blaðinu góðs gengis, og vonum að það megi vera mörgum til skemmtunar og ánægju.

Stjórn U.M.F. „Neista“



UNGMENNAFÉLAGIÐ NEISTI - SAGA FÉLAGSINS

1919 - 1959

1919 – 1929

Ungmennafélagið Neisti var stofnað 24. febrúar 1919. Þetta er skráð í fundargerðarbók nr. 2 en elsta fundargerðarbókin mun vera týnd. Séra Jakob Jónsson frá Hrauni segir í ævisögu sinni: „Georg Jónsson frá Strýtu stofnaði Ungmennafélagið Neista.“

Í ævisögum Eysteins Jónssonar fyrrverandi ráðherra og Ríkarðar Jónssonar myndhöggvara segir að formaður fyrstu árin hafi verið Georg Jónsson á Strýtu. Auk hans eru nefndir Sigurður Thorlacius á Búlandsnesi og Jakob Jónsson sem forystumenn í félaginu.

Fyrstu árin eftir stofnun starfaði félagið af miklum þrótti og gekkst það fyrir leiksýningum, málfundum, álfabrennum og annarri skemmtan auk þess að halda úti skrifuðu blaði. Leikstarfsemin blómstraði á þessum árum og margir góðir leikarar voru á Djúpavogi. Sigurður Thorlacius, einn af stofnendum Neista, skrifaði leikgerð úr sögunni Maður og kona eftir Jón Thoroddsen og var það e.t.v. í fyrsta sinn sem efni sögunnar var flutt í leikritsformi.



Georg Jónsson fæddist á Strýtu þann 24. febrúar 1895, sonur hjónanna Jóns Þórarinssonar og Ólafar Finnsdóttur. Systkini hans voru Ríkarður, Björn, Finnur, Karl og Anna. Fram til tvítugs vann hann við búskap á Strýtu auk þess að stunda sjómennsku. Árið 1916 hóf hann svo nám á Hvanneyri. Georg lauk burtfararprófi frá Hvanneyri 1918 eftir tveggja vetra nám, með góðri einkunn, og hafði skólastjóri orð á því að slíkan afbragðs nemandi hefði hann ekki haft fyrr. Georg var sagður mjög sérstæður maður að manngildi, vinnuglaður, harðduglegur og vammlaus. Georg var gleðimaður mikill og félagslífið á Hvanneyri hafði ekki dregið úr því. Er heim kom var hann einn helsti baráttumaður fyrir stofnun ungmennafélags á Djúpavogi og fyrsti formaður þess. Hann vann af óbilandi áhuga í ungmennafélaginu, setti upp sjónleiki og lék sjálfur aðalhlutverkið og var leikstjóri. Að þessu var gerður góður rómur og fólk úr nærliggjandi byggðarlögum sat ekki af sér skemmtanir ungmennafélagsins. Hann stóð einnig fyrir byggingu félagsheimilis á staðnum og á tilsettum tíma reis það af grunni, mest allt var unnið í sjálfböðavinnu og félagarnir deildu kostnaðinum með sér, svo þegar upp var staðið, þá var „Neisti“, en það var nafn hússins og félagsins, skuldlaust. Þetta hús stóð í um 60 ár og þjónaði fólkinu í héraðinu dyggilega og bar vott um stórhug og dugnað aldamóta-æskunnar. Georg var einnig einn af

hvatamönnum að stofnun Kaupfélags Berfirðinga og sat hann í fyrstu stjórn þess. Árið 1927 kvæntist Georg, Margréti Kjartansdóttur frá Öfundarfirði og fluttu þau sama ár að Laugabökkum í Ölfusi en frá árinu 1931 bjuggu þau á Reynistað í Skerjafirði. Georg lést þann 24. Mars 1981.

Þess má geta að Ríkarður Jónsson myndhöggvari og bróðir Georgs hafði miklar mætur á álfabrennum sem Neisti stóð fyrir og fékk hann m.a. hlutverk álfakóns á meðan hann bjó á Djúpavogi. Kvæði Ríkarðs, Álfadans var fyrst flutt á þrettándandum árið 1923 og sungið við lagið Máninn hátt á himni skín.

Álfasöngur

Búlandstindur brúnahvass brýnir í skýjum nöf,
eins og gamall gylfi gnæfir 'ann yfir höf.

Tökum sprett klett af klett, kyndum bál á ís,
norðurljósinn þrýða vora paradís.

Nú er bjart um Búlandstind, blika norðurljós;
út úr hömrum halda huldusveinn og drós.

1. viðlag.

Dýrðarmyndir, drottinn minn, dregur þú á fjöll,
ó hve undrafögur er þín konungshöll.

1. viðlag.

Þjóta yfir himinhvolf heiðskír norðurljós,
eins og álfar bruna um ísa lands og sjós.

1. viðlag.

Líttu á Íslands furðufjöll fimburlæn og dul,
eins og andlitsrúnir á öldnum kynjaþul.

1. viðlag.

Líttu á Íslands fimbulfjöll full af vættum lands;
huldukóngur heldur, helgan jóladans.

Dönsum þjett, ljúft og ljett, ljóma slær á svell;
heyriðu ekki huldufaka hófaskell.

Þýtur út úr hverjum hól huldumeyja fans,
álfabiðlar blíðir bjóða þeim í dans.

2. viðlag.

Heill þjer, kóngur huldulands, heill sje þinni drótt,
nú skal hátíð halda hinstu jólanótt.

2. viðlag.

Þjer í ljóða og listaheim lúta tignir menn,
um þig kappar kveða kvæðin tvenn og þrenn.

2. viðlag.

Slær um ljóða og listaheim ljóma af þinni höll
út um höf og eyjar upp um dali og fjöll.

2. viðlag.

Veit jeg út um allan heim áttu gullin spor;
huldugígjur gullu, gladdist sála vor.

2. viðlag.

Dansar huldudrotningin dátt um freðinn völl,
álfasöngvar óma upp um dali og fjöll.
Dönsum þjett, ljúft og ljett, ljóma slær á gljá,
lengi brennur ástareldur álfunum hjá.

Áðan kyssti 'ún kónginn sinn kýmíleg á brún,
og frá ungum sveini, öðrum rændi hún.

3. viðlag.

Víst er ást og æfintýr alheims náðargjöf,
því er álfum unnað út um lönd og höf.

3. viðlag.

Ungmennafélagshúsi var komið upp á Djúpavogi árið 1924 á grunni Suðurkaupstaðar en það var að sjálfsögðu gert af mjög litlum efnum og ýmsar aðferðir hafðar til -áröflunar. Voru meðal annars gefin út allsérkennileg „skuldabréf“ fyrir „[l]ánum“ og hljóðuðu þau þannig: Herra Jón Jónsson á innistandandi hjá Ungmennafélaginu Neista á Djúpavogi 25 krónur, sem er óuppsegjanlegt lán frá lánveitanda hálfu og vaxtalaust. Til staðfestu ritaði félagsstjórnin nöfnin sín, en það voru þau Sigurður Thorlacius, formaður, Eysteinn Jónsson, ritari og Guðmundur Finnsson, gjaldkeri.

Samkomuhúsið hlaut nafnið Neisti en skv. fasteignamati 1930 var húsið byggt úr timbri og járnvarið, bæði útveggir og þak. Það var ein hæð með risi (1,5 m) á lágum sökklum (0,8 m), 11,3 m á lengd, 6,3 m á breidd og 2,5 m að vegghæð. Í húsinu voru ekki önnur rými en „Salurinn“, sem notaður var til „fundarhalda og skemmtana“. Í honum var trégólf, ofn og járnþípa í stað reykháfs. Áþekk lýsing var gefin á húsinu 1940, en árið 1943 var það stækkað nokkuð með því að byggt var við austurenda þess. Neisti var aðalsamkomuhús þorpsbúa í hálfu öld og fóru þar fram fundahöld, leiksýningar, dansleikir og fleira, en húsið stóð til ársins 1987 þegar það var rífið.

1930 – 1939

Nokkuð virðist hafa dofnað yfir starfsemi félagsins eftir brottför þeirra manna sem stofnuðu það því 6. nóvember 1932 var haldinn fundur í ungmennafélagshúsinu til að endurvekja félagið Neista. Nýr formaður var kosinn, frú Guðlaug Sigurðardóttir í Dölum (kona Árna Árnasonar lækis). Málshefjendur á þessum fundi voru Jón Sigurðsson, síðar kaupfélagsstjóri og Árni læknir. Starfsemi félagsins virðist síðan mjög blómleg allt til ársins 1938, margir fundir haldnir og tekist á við mörg verkefni m.a. voru sýnd leikritin Frænka Charley's árið 1933 og Hringurinn eftir Ingibjörgu Hjörleifsdóttur frá Starmýri, árið 1935.

Á fundi 19. febrúar 1933 var samþykkt að halda samkomu á sjómannadaginn ár hvert til ágóða fyrir Slysavarnarfélag Íslands. Á þessum árum er einnig oft minnst á samkomu 1. desember.

Sama ár var einnig samþykkt „að lána húsið [Neista] til dansleikja fyrir 15 krónur og skal þá hreingjörning, ljós og hitun koma á félagsins bak.“ Tveimur árum seinna virðist heimskreppan hafa þrengt kosti manna og var húsið leigt til dansleikjahalds fyrir 2 krónur. Kom fram á fundi að þetta væri of lítið. Næsta ár var svo ákveðið að hækka leiguna upp í 5 krónur

Á fundi 3. desember 1933 kom fram tillaga um að efna til sundkennslu við Breiðavog. Á þessum fundi var Þórarinn Sveinsson leikfímikennari frá Norðfirði beðinn að segja frá starfsemi íþróttasambands Íslands. Var samþykkt á fundinum að sækja um inngöngu í ÍSÍ. Þórarinn virðist hafa verið á Djúpavogi haustið 1933 og var fólk frætt um íþróttir, leikfimi og sund. Er þess getið í fundargerð að hann hafi kennt fólki leikfimisæfingar til notkunar heima. Þá virðist ljóst að Þórarinn hefur kennt sund í Breiðavogi sumarið 1934. Bókað er að 37 manns tóku þátt í námskeiðinu og var kennarinn ánægður með árangurinn. Ekki er vitað hvernig sundkennslu var háttað árin 1935 og 1936 en á fundum er ákveðið snemma árs bæði þessi ár að efna til sundkennslu í Breiðavogi.

Á fundi 14. febrúar 1934 sagði Jón Stefánsson, kennari og skólastjóri, frá tilmælum ýmissa gamalla Berfirðinga sem búsettir voru í Reykjavík, hvort Neisti vildi ekki beita sér fyrir að komið yrði upp trjáræktarreit á heppilegum stað. Málinu var vísað til stjórnar. Líklegt má telja að þarna sé fyrst talað á fundi um skógrækt á Djúpavogi. Á næsta fundi, 11. mars, var skógræktarmálið rætt en talið var að skógrækt yrði of viðamikil og kostnaðarsamt verkefni fyrir félagið þar sem það hafði tekið að sér annað fjárfrekt verkefni, að koma upp aðstöðu til sundkennslu við Breiðavog.

Fólk var þó velviljað hugmyndinni og taldi ekkert því til fyrirstöðu að félagar í Neista tækju þátt í skógræktinni þótt félagið gæti ekki staðið undir henni fjárhagslega. Sama ár voru kynntar handknattleiksreglur sem félaginu höfðu borist frá Íþróttasambandi Íslands og voru félagar hvattir til að nema íþróttina og hafa hana til skemmtunar að sumarlagi þegar gott er veður. Seinna sama ár ræddi Árni læknir um Breiðavoginn og sundkennsluna. Kvað hann að þyrfti að athuga sundstaðinn og setja sig inn í hvað þyrfti að gera, svo sem mæla hitann í vognum á ýmsum tímum og jafnframt athuga lofthita til samanburðar, rannsaka heilnæmi vatnsins, athuga dýpið og botninn o.s.frv. Þá taldi hann rétt að skrifa nágrannafélögum og setja þau inn í málið.



Breiðavogur var notaður tilundiðkunar og sundkennslu áður en sundlaugar urðu aðgengilegar.

Í mars 1934 má lesa tilkynningu frá ÍSí þess efnis að Ungmennafélagið Neisti hafi nýlega gengið í Íþróttasamband Íslands og að félagar séu 41.

Árið 1935 barst félaginu erindi um þáttöku í að stofna samband meðal ungmennafélaga á Austurlandi og var erindinu var vel tekið og má leiða líkum að því að með þessu hafi verið lagður grunnur að stofnun Ungmenna og íþróttasambands Austurlands.

Þann 20. október 1935 var rætt erindi um að styrkja sundlaugarbyggingu við Eiðaskóla. Lýsti fundurinn einróma ánægju sinni yfir að hreyfing skuli vera komin á þetta mál en treysti sér ekki til að leggja fram fé að svo stöddu.

Í Morgunblaðinu þann 23. Ágúst 1935 mátti lesa eftirfarandi dagbókarfærslu:

Sundnámskeið. Nýlega er lokið þriggja vikna sundnámskeiði á vegum Ungmennafélagsins Neista á Djúpavogi. Nemendur voru 40 á aldrinum frá 8 ára, og allir úr þorpinu, en kennari var Þórarinn Sveinsson frá Kirkjubóli í Norðfirði. Sundlaugin var Breiðavogur, sem áður lá inn úr Hamarsfirði, en er nú stöðuvatn, girt sandrifi. Tíð var óhagstæð fyrir sundkennslu, vatnshiti 10-15 stig á Celsius, en árangur talinn góður.

Viðburðir í Djúpavogskirkju á aðventunni

1. desember kl. 14 | Fjölskyldustund á aðventu

Kaffi eftir messu | börnin skreyta piparkökur

13. desember kl. 18 | Aðventuhátíð

Kór Djúpavogskirkju syngur, barnakór og helgileikur

Nýir jólasálmar kynntir fyrir söfnuðinum | Fólk hvatt til að mæta og syngja með kórnum

22. desember kl. 11 | Sunnudagaskóli

Brúðuleikhús, föndur og söngur

24. desember kl. 18 | Aftansöngur

25. desember kl. 14 | Hátíðarguðspjónusta

29. desember kl. 14 | Áramótaguðspjónusta í Hofskirkju í Álftafirði

Óskir um gleðileg jól og heillaríkt komandi ár

Í lok árs 1935 var svo sjóneikurinn Hringurinn sýndur í Neista í leikstjórn Stefáns Sigurðssonar frá Strýtu.

Í upphafi árs 1936 eru stjórnarmenn Neista sammála um að halda áfram sundkennslu um sumarið og er svo bókað í fundargerðarbók:

Eins og áður er vikið að, taldi sundkennari vonum betri árangur af starfi sínu síðastliðið sumar. En þó einhver árangur hafi orðið, er hann vitanlega ekki nema vísir í áttina til að hægt sé að segja að þeir sem þátt tóku í námskeiðinu geti syndir heitið. Lítur stjórnin svo á að það sé siðferðisleg krafa á hendur félaginu að það gangist fyrir því að áfram sé haldið á næsta sumri og vonum við þá, ef sæmilega hittist á með veðráttu að telja megi að komið sé að áfanga.

Í febrúar 1938 var haldinn aðalfundur í Neista. Voru þar lesnir upp reikningar og kosin ný stjórn. Eftir þennan fund finnst ekkert bókað um starfsemi ungmennafélagsins í nokkur ár eða allt til 1943. Starfsemin virðist hafa verið í einhverri lægð á þessu tímabili en þó er vitað til þess að einhver starfsemi hafi farið fram, a.m.k. dansleikjahald í Neista.

1940 – 1949

Þann 7. september 1940 tók hreppsnefnd Búlandshrepps fyrir erindi frá Guðmundi Finnssyni (einum af stofnanda Neista) og Jakobi Gunnarssyni um að hreppurinn taki að sér umsjón ungmennafélagsins þar sem téð félag teljist dautt. Svo virðist sem þetta erindi hafi verið samþykkt því hreppsnefndin ákveður næsta vor gjaldskrá fyrir leigu á Neista auk þess sem samþykkt var erindi frá Jónatan Lúðvíkssyni að fá leigðan Neistakjallarann til smíða.

Fundur er boðaður 26. janúar 1943, í barnaskólanum, til að ræða stofnun ungmennafélags. Líklega eru upphafsmenn þessa fundar sér Pétur T. Oddsson sem er málshenjandi og Guðmundur H. Pálsson skólastjóri og kennari sem er fundarritari. Málshenjandi, séra Pétur, kvað það ekki vansalaust að ekkert ungmennafélag væri í þorpinu. Lagði hann til að kosin yrði 5 manna stjórn og henni falið að setja félaginu lög. Var þetta samþykkt. Lög í 12 greinum munu fljótlega hafa verið samin og eru bókuð í fundargerðarbók. Guðmundur Pálsson var kosinn formaður félagsins. Eftir þetta virðist félagið hafa starfað nokkurn veginn samfelld til þessa dags, þótt upp og ofan hafi gengið á stundum. Þann 8. maí 1943 er svo samþykkt á fundi að ungmennafélagið Neisti gangi í Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands.

Töluverður kraftur virðist hafa verið í starfseminni fyrst eftir að félagið var endurvakið og í 2. tölublaði Einingar árið 1944 má lesa eftirfarandi:

Frá Djúpavogi. Skólastjórinn á Djúpavogi, Guðmundur H. Pálsson, skrifar um íþróttastarfsemi þar á staðnum: „Ungmennafélagið Neisti, sem endurvakið var hér fyrir réttu ári, hafði íþróttanámskeið um mánaðartíma á síðastliðnu hausti. Kennari var Haraldur Hjálmarsson frá Brekku í Mjóafirði. Nemendur voru 35 fullorðnir konur og karlar. Var þetta mjög góð þátttaka eða allir ungir menn og allar stúlur upp í fertugar frúr, en auk þess nutu börn á skólaaldri kennslu íþróttakennarans þennan tíma. Ýkjur eru það engar, þótt sagt sé, að áhugi hafi verið mjög góður, sérstaklega hjá kvenfólkinu. — Námskeiðinu lauk með myndarlegri sýningu. Síðan hefur verið haldið við æfingum eftir ástæðum og tækifærum. Áhugi fyrir íþróttum er mikill og er reynt að bæta aðstöðuna til íþróttaiðkana eftir því sem tök eru á. Sérstakur áhugi ríkir hér hjá börnum og unglingum í vetur fyrir skautaiþróttinni. Hér eru líka tilvalin skautasvæði, svo að óvíða munu betri."

Á stríðsárunum náði knattspyrna töluverðum vinsældum á Djúpavogi en þá dvöldu á staðnum breskir hermenn og var þá aurinn á milli gamla skólans og gömlu kirkjunnar notaður sem knattspyrnuvöllur. Hermennirnir klæddust gjarnan matrósafötum og dvöldu þeir á Framtíðinni. Einn þeirra hafði spilað við góðan orðstír í Englandi og tók hann að sér að veita mönnum tilsögn í grunnatriðum knattspyrnunnar.

Árið 1943 er samþykkt að kaupa tæki til frjálsíþróttaiðkana og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi kemur á Djúpavog og athugar svæði fyrir væntanlegan íþróttavöll. Best leist honum á „melsléttuna“ fyrir utan Bóndavörðuhraun. Nokkuð var unnið á þessu svæði, sennilega mest af sjálfboðaliðum, m.a. fóru stúlur oft þangað og tíndu grjót af vellinum þannig að hægt væri að stunda handbolta þar en vitað er að þarna var leikinn bæði handbolti og fótbolti.

Um stofnun lýðveldis á Íslandi. Framsögu hafði Guðmundur Pálsson. Rakti hann sögu Íslands í stórum dráttum frá landnámsöld og fram á vora daga. Fleiri tóku ekki til máls. Því næst bar Guðmundur Pálsson upp svohljóðandi tillögu: Fundur í U.M.F. Neista haldinn 2. Apríl 1944 lýsir sig fylgjandi því að stofnað verði lýðveldi á Íslandi þann 17. júní næstkomandi og skorar á alla ungmennafélaga að vinna að því að jákvæð þátttaka í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurfellingu dansk – íslenska sambandslagasáttmálans og stofnun lýðveldis verði sem mest. Tillagan var samþykkt einróma.



Sumarið 1941 var í fyrsta sinn svo vitað sé háður knattspyrnuleikur á Djúpavogi en þá spiluðu Djúpavogsbúar gegn Breiðdælingum. Leikurinn fór fram á túni niðri í Blá og endaði leikurinn með sigri Djúpavogsbúa 1-0 en sigurmarkið skoraði Ásbjörn Karlsson.

Knattspyrnulið Djúpavogs: 1. Siggí í Hlíðarhúsi, 2. Dúddi í kaupfélaginu (Lúðvík) 3. Bulli (Guðjón Emilsson), 4. Bjössi Karls (Ásbjörn Karlsson) 5. Gunnar Bender 6. Björn Jónsson Teigarhorni 7. Bjössi í Lögbergi (Björn Gústafsson) 8. Jóhann í Ási 9. Dúddi í Lögbergi (Þórarinn Gústafsson) 10. Gestur Emilsson 11. Steingrímur Ingimundarson.

Hópur skólabarna, börn fædd 1929 og 1930 var við sundnám á Eiðum vorið 1944. Þá mun hafa verið ákveðið að framfylgja sundskyldu til fullnaðarprófs. Sagt er að börn af Djúpavogi, Breiðdal og Stöðvarfirði og úr Jökulsárhlíð hafi verið í þessum sundhóp. Það er fyrsti barnahópur sem fer frá Djúpavogi að Eiðum til að læra að synda. Sennilega hefur þetta námskeið byrjað snemma í júní og Breiðdalsheiði var ekki bilfær svo snemma sumar. Það var því miklum erfiðleikum bundið að komast upp að Eiðum á þessum árstíma, enginn vegur inn fyrir Berufjörð eða yfir Kambaskriður. Gripið var til þess ráðs að fara á bát yfir Berufjörð síðdegis og gista á Krossi næstu nótt. Daginn eftir kom Hafsteinn Jónsson úr Breiðdal á vörubíl með bekkjum á palli og var tjaldað með segli yfir. Hafsteinn safnaði saman börnum af svæðinu og ók með þau upp að Breiðdalsheiði. Síðan var gengið yfir heiðina og þar var kominn bíll undir stjórn Sigfúsar Kristinssonar sem tók hópinn og flutti hann út að Eiðum. Ferðin að Eiðum tók þannig rúman sólarhring. Heimleiðin varð auðveldari að því leyti að þá var Breiðdalsheiði orðin bilfær.

Viðhald samkomuhússins er algengt umfjöllunarefni á fundum. Árið 1944 fékk Neisti úthlutað 4.300 krónum úr íþróttasjóði til endurbóta á samkomuhúsinu Neista. Í 2. tölublaði Skinfxa árið 1944 kemur svo fram að Umf. Neisti Djúpavogi hafi endurbætt samkomuhús sitt og lagt fram 40 dagsverk í vinnu. Ári síðar segir svo í Skinfxa að Umf. Neisti, Djúpavogi, hafi lokið endurbyggingu á samkomu- og íþróttahúsi og að félagsmenn hafi lagt fram 75 dagsverk í sjálfböðavinnu. Félagsheimilið Neisti var í gegnum tíðina notaður til ýmissa mannamóta og af einu slíku tilefni orti Jakob Gunnarsson í Fögruhlíð á Djúpavogi Neistabrag:

Neistabragur (Höf: Jakob Gunnarsson frá Fögruhlíð)

Það á að verða dömuball um helgina hef ég heyrð
Í húsinu hans Neista sem vel er niður reyrt
Það fýkur ekki af grunninum þó hvarflað sé í hring
En hoppað dansað leikið sér á gólfinu allt um kring.

Það eiga að verða veitingar kaffi og kökur með
Kristín máske bakar og getur líka skeð
Jólabrauðið bakar eflaust Jónína hans Sveins
Jafn vel líka kleinur og sóðaköku eins

Hver bakað hefur kökuna ég veit ei fyrir víst
Ég verð að komast eftir því sem allra allra fyrst
Guðný og hún Dóra held ég baki hana best
Og búana út í alla staði og það er vanda mest

Glóðvolgar pönnukökur piltar líka fá
Þikurnar þær veita með sultu ofan á.
Og lagkökuna stóru með feikna fluða skúm
Og fylla sig af henni þar til hafa ei meira rúm.

Næsta ár, 1945, var aftur lagt upp með hóp barna til að læra sund á Eiðum. Sú ferð var farin undir stjórn Guðmundar H. Pálsson og Ásdísar Steinþórsdóttur, ungra kennara á Djúpavogi. Að þessu sinni var farið með Súðinni til Reyðarfjarðar. Súðin var strandferðaskip og hafði það orð á sér að hún væri lengi í förum. Börnunum var komið fyrir niðri í lest. Sennilega hafa öll farþegarými verið full og líka þótti ódýrara að senda krakkana þannig enda var algengt á þeim árum að fólk ferðaðist í lestum strandferðaskipanna. Ekki var liðanin of góð, margir fundu fyrir sjóveiki og meðal flutnings í lestinni voru nokkrar tómar líkkistur sem áttu að fara eitthvað austur á land. Nokkur barnanna fundu fyrir talsverðum óhug að leggjast til hvíldar við hliðina á líkkistum og ekki bætti það úr sjóveikinni. Ferðin frá Djúpavogi til Reyðarfjarðar tók heilan sólahring. Þegar námskeiðinu lauk var farið heim á bíl um Breiðdalsheiði, eins og árið áður, suður á Berufjarðarströnd. Bátur sótti hópinn, annað hvort í Steinaborgarvog eða Þiljuvallahöfn.

Árið 1945 fékk Neisti svo úthlutað 6000 kr. úr íþróttasjóð vegna íþróttavallar og 1000 kr. vegna íþróttahúss en ekki er vitað hvernig þessum fjármunum var ráðstafað.

Í Skinfxa árið 1946 kemur það fram að eitt stærsta verkefni Neista árið 1945 hafi verið uppsetning Neista á hinum kunna sjónleik Hinrik og Pernilla.

Ungmennafélagið Neisti hefur ekki eignast landsliðsmenn í íþróttum en þó hafa tveir einstaklingar fæddir og uppaldir á Djúpavogi komist í landslið. Annar þeirra var Jón Ólafsson frá Hamri. Jón varð stigahæsti einstaklingurinn í frjálsum íþróttum á landsmót UMFÍ árið 1946 og var hann þá valinn í keppnislið Íslands á Evrópumeistaramótinu í Ósló það sama ár. Þar keppti hann með níu öðrum Íslendingum og margir þeirra voru þá orðnir þekktir meðal þjóðarinnar. Hann keppti síðan með landsliðinu á mótum í Svíþjóð að Óslóarmótinu loknu. Þær greinar sem Jón lagði áherslu á voru kúluvarp, kringlukast og hástökk.

Ungmennafélagið Neisti stóð fyrir Happprætti árið 1946 og var dregið þann 1. júlí það ár hjá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu. Vinningaskráin var eftirfarandi:

853: Reiðhjól,
1639: 100 krónur í peningum,
637: Karlmannsúr,
3178: Lindarpenni,
499: Skilvinda,

2445: Ljóðmæli Páls Ólafssonar,
1500: Ritsafn Einars H. Kvarans,
2854: Ísland í myndum,
2885: 100 krónur í peningum,
2635: 100 krónur í peningum.

Vinninganna má vitja til Kjartans Karlssonar, Djúpavogi, Guðmundar Pálssonar Ásvallagötu 2 eða Böðvars Steinþórssonar, matsveins, Hótel Borg.

Á þessum árum var ýmiskonar skemmtanahald það sem félagið fékkst helst við og var 1. des. skemmtun t.d. árviss viðburður. Árið 1947 er það skráð í fundargerðarbók í fyrsta skipti, að til standi að halda upp á þjóðhátíðardaginn 17. júní og hefur ungmennafélagið Neisti séð um hátíðahöld þennan dag óslitið síðan 1947, að því að best er vitað. Íþróttaiðkun lenti hins vegar í einhverri lægð undir lok fimmta áratugarins.

1950 - 1959

Á fyrsta fundi ársins 1950 var ákveðið að kaupa kvikmyndasýningavél fyrir félagið og var skipuð nefnd til að vinna að því máli. Þann 5. nóvember sama ár hittist nefndin og er þá rætt um hvort UMF ætti að kaupa kvikmyndavél sem félaginu stendur til boða frá Vífilstöðum og á að kosta ca. kr. 12-14 þúsund. Samþykkt var að kaupa vélarnar.

Í fundargerð frá 8. mars 1952 má lesa að leikritið „Seðlaskipti og Ástir verði tekið til sýningar 2. Þáskadag. Í sömu fundargerð kemur fram að formanni er falið að semja við Eyjólf Guðjónsson um laun fyrir kvikmyndasýningar og að sýningum verði komið í fastara og ákveðnara form.

Íþróttavallarmál og viðhald samkomuhússins voru síðan oft á dagskrá hjá Neistafélögum og var ýmist talað um völl sunnan við Rakkaberg, eða í Blánni. Frá 1957 og allt til ársins 1960 finnst ekkert skráð í fundargerðarbók félagsins.

Jólatré - jólatré - jólatré

Sunnudaginn 15. desember 2019, frá kl. 13:00 – 14:00
verða seld jólatré úr skógræktinni.
Farið er upp afleggjarann við kirkjugarðinn og fólk getur valið
sér tré.
Félagar skógræktarfélagsins verða á staðnum og saga fyrir
fólk. Verð kr. 3.000.-

Skógræktarfélags Djúpavogs

LEIKSKÓLINN - TRÖLLASÖGUR



Þetta er tröllastelpa sem heitir Anna. Hún á heima í hellinum sínum langt hjá steinunum. Hún leikur sér með bíla og borðar hvítan fisk. Hún er góð.

Heiðrós Harpa Jónsdóttir

4 ára



Tröllið mitt býr á Íslandi. Hún heitir Sopa-Stína af því að hún er alltaf að sópa. Hún gaf fjölskyldunni minni vatn af því við vorum alltaf svo þyrst. Svo brosti hún til okkar þegar við drukkum vatnið.

Regína Anna Lefever

4 ára



Þetta er tröllumamma sem heitir Solla. Hún á heima í helli rétt hjá Íslandi. Hún gefur mér brauð með nammi þegar ég fer í heimsókn til hennar. Mamma keyrði til mín í hellinn og fann mig og hún fékk líka brauð með nammi hjá Söllu tröllumömmu.

Sigrún Brynja Guðmundsdóttir

4 ára



Þetta er tröllastrákur sem heitir Smá-Stór. Hann á heima á Krummadeildinni. Honum finnst gaman að leika sér á Íslandi og borða tröllahor.

Viðar Leví Guðjónsson

4 ára



Þetta er tröllastelpa sem heitir Gunna. Hún á heima ein upp í fjöllum. Hún eldar tröllamat fyrir sig og leikur sér með trölladót. Hún er góð.

Gunnur Margrét Steinþórsdóttir

4 ára



Þetta er Rósalind tröllabarn. Hún á heima í helli hjá mömmu sinni. Hellirinn er í Búlandstindi. Hún ætlar að koma í alvöru leikskólann okkar og vera vinkona mín.

Katla Sif Jónsdóttir

5 ára

KAKÓHUGLEIÐSLA MARÍU



Á sunnudeginum 3. nóvember var haldin hugleiðslustund með kakói frá Guatemala. Viðburðurinn var haldinn í Tryggvabúð undir leiðsögn Maríu Viktoríu Einarsdóttur. Góður hópur mætti og mikil ánægja var með stundina.

Byrjað var á léttari hugleiðslutónlist, fólk kom sér fyrir í rými sem var skreytt með steinum og kertaljósum, teppi og púðar voru á gólfinu.

María söng frumsamið lag: Komdu nær sem finna má á ýmsum netmiðlum. Þetta lag fjallar um kakógyðjuna úr Mayahefðinni. Hópurinn tók undir í viðlaginu. Þá tók við leidd hugleiðsla og samsöngur. Sungin voru íslensk þjóðlög: Maístjarnan, Vísur Vatnsendarósu og Óskasteinar. Að lokum bar Heiðís Lóa Pálsdóttir á borð kakó og heimagerðar orkukúlur úr þessu sama kakói. Líkt og gert er í kakóathöfnum erlendis fékk hver og einn að

blása ásetning sinn inn í bollann. Hann gat verið t.d að finna frið og ró innra með sér, tengjast hjartanu eða njóta augnabliksins.

María Viktoría ferðaðist til Guatemala árið 2018 og sótti svokallaðar Kakóathafnir þar. Mörg þúsund ára hefð er fyrir því að halda slíkar athafnir sem koma upphaflega frá Maya-indíánum. Þessi siður hefur borist til vesturlanda hin síðari ár.

Maya-indíánarnir trúðu því að það lifði andi í kakóplöntunni sem nefnist Ixcacao eða Qigui eins og hann hefur stundum verið kallaður. Indíánar leituðu ráða hjá þessum anda til þess að slaka á, finna fyrir gleði og sátt og leysa deilur innan ættbálksins. Hreint óunnið kakó inniheldur magnesíum sem slakar á taugarkerfi og örvar ýmis boðefni í heilanum sem auka vellíðan. Áragömul vitneskja Mayana um áhrif kakósins hafa verið staðfest af næringafræðingum nútímans.

María samdi lagið Komdu nær um þessa goðsögn og fjallar lagið um að sleppa tökum af áhyggjum, opna hjartað sitt og finna gleði og ró. Hún tók þetta sama lag upp í stúdíói í Guatemala. Hægt er að finna það á Youtube, Spotify og fleiri netmiðlum undir nafninu Komdu nær (María Viktoría)

Kakóathafnir ganga út á það að fara í öruggt rými þar sem maður getur berskjaldað sig, tekið niður grímuna sína, tengst inn á við og tengst öðru fólki í leiðinni. Samsöngur, tónlist, hugleiðsla og kakó eru fyrr alla sem vilja finna meiri sátt og ró í lífinu sínu, sleppa tökum af amstri hversdagsins og finna góðan félagsskap.

María Viktoría stefnir að því á að halda slík kvöld einu sinni í mánuði á næsta ári. Verið velkomin á hugleiðslukvöld árið 2020.

Bakkabúð
óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegra jóla & farsældar
á nýju ári.

www.bakkabud.is

19.06.2010
BAKKABÚÐ
SOUVENIRS
DJÚPAVOGI

VIÐ VOGINN Í DESEMBER

6. DESEMBER

JÓLAHLAÐBORD Í HÁDEGINU

7. DESEMBER

STÓRFENGLEGIR JÓLATÓNLEIKAR!

Taktu þér hlé frá jólaundirbuning & gjafainnkaupum & komdu til okkar að njóta.

María Viktoría spilar ljúf jólalög á kassagítar & syngur allt frá Dansaðu vindur með

Eivor til War is over með John Lennon. Svo stígur hljómsveitin **Vesen** á stókk.

Hana skipa María Viktoría, William Óðinn Lefever, Óðinn Gunnlaugsson &

Dagur Björnsson & tekur fjögur lög, tvö jólalög og tvö frumsamin eftir hljómsveitina.

KL. 20:00. 1500 KR. VIÐ HURÐINA. EKKI LÁTA ÞIG VANTA!

23. DESEMBER

SKÖTUVEISLA Í HÁDEGINU

OPNUNARTÍMI YFIR JÓLAHÁTÍÐINA

22. & 23. desember 10:00 – 16:00

24. & 25. desember 11:00 – 14:00

26. desember 11:00 – 16:00

27., 28. & 29. desember 11:00 – 20:00

30. desember 11:00 – 16:00

31. desember 11:00 – 14:00

1. janúar 2020 LOKAÐ

2. janúar 09:00 – 20:00

*Við Voginn óskar
viðskiptavinum
sínunum gleðilegrar
hátíðar & farsaldar á
komandi ári*

